



2021

ÁGÚST

FIM 19|08 KL.20:00
FÖS 20|08 KL.20:00

NÝ KLASSÍK OG SINFÓ

Fram koma: Briet, Cell7, Flóni, GDRN, Joey Christ, Jóipé og Króli, Logi Pedro og Reykjavíkurdætur

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

LAU 21|08 KL.15:00

PÉTUR OG ÚLFURINN Á MENNINGARNÓTT

Sergej Prokofiev
Pétur og úlfurinn

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharðsdóttir
sögumaður

FÖS 03|09 KL.20:00
KLASSÍKIN OKKAR

Vinsæl íslensk og erlend leikhústónlist frá ýmsum tímum.

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir,
Elmar Gilbertsson,
Emilíana Torrini,
Jóhann Sigurðarson,
Katrín Halldóra Sigurðardóttir,
Kristjana Stefánsdóttir,
Lay Low, Salka Sól Eyfeld
og fleiri söngvarar kynntir síðar
Söngsveitin Filharmónía
Magnús Ragnarsson kórstjóri
Guðni Tómasson kynnir
Halla Oddný Magnúsdóttir kynnir

FIM 09|09 KL.19:30

BERTRAND DE BILLY STJÓRNAR BRAHMS

Johannes Brahms
Akademískur hátíðarforleikur
Henri Tomasi Básúnukonsert
Johannes Brahms Sinfónía nr. 1

Bertrand de Billy hljómsveitarstjóri
Jörgen van Rijen einleikari

Tónleikakynning kl.18:00
LAU 11|09 KL. 11:30

SEPTEMBER

BARNASTUND

Skemmtileg samverustund fyrir yngstu börnin. Aðgangur ókeypis.

Sigurður Þór Óskarsson kynnir

FIM 16|09 KL.19:30
FÖS 17|09 KL.19:30

NÍUNDA SINFÓNÍA BEETHOVENS

Sofia Gubaidulina Fachwerk
Ludwig van Beethoven Sinfónía nr. 9

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Geir Draugsvoll einleikari
Hallveig Rúnarsdóttir einsöngvari
Siggríður Ósk Kristjánsdóttir einsöng-
vari
Stuart Skelton einsöngvari
Jóhann Kristinsson einsöngvari
Mótettukórinn
Söngsveitin Filharmónía
Hörður Áskelsson kórstjóri
Magnús Ragnarsson kórstjóri

Tónleikakynning 16. sept kl.18:00

LAU 25|09 KL.14:00

LITLI TÓNSPROTINN UNÐUR JARÐAR MEÐ STJÖRNU-SÆVARI

Ævintýrleg tónlist um undur jarðar m.a. eftir John Williams, Richard Strauss, W.A. Mozart, Ferde Grofé og Jón Leifs.

Noam Aviel hljómsveitarstjóri
Sævar Helgi Bragason kynnir

SUN 26|09 KL.17:00

UNGSVEITIN SPILAR SIBELIUS

Jean Sibelius Sinfónía nr. 2

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri

FIM 30|09 KL.19:30

SELLÓKONSERT DVORÁKS

Halldór Smárasón infinite image
Antonín Dvořák Sellókonsert
Joan Tower Konsert fyrir hljómsveit

Peter Oundjian hljómsveitarstjóri
Jonathan Swensen einleikari

Tónleikakynning kl.18:00

OKTÓBER

MIÐ 06|10 KL.20:00

STRAUSS OG SHOSTAKOVITSJ

Richard Strauss Hornkonsert nr. 1
Dmítríj Shostakovítsj
Píanókonsert nr. 2
Richard Strauss Don Juan

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Stefán Jón Bernharðsson einleikari
Ásta Dóra Finnsdóttir einleikari

Tónleikakynning kl. 18:30

FIM 14|10 KL.19:30

TSJAJKOVSKIJ OG PROKOFÍEV

Pjotr Tsajkovskíj Rómeó og Júlía,
fantasíuforleikur
Sergej Prokofíev Píanókonsert nr. 2
Emilie Mayer Sinfónía nr. 7

Anja Bihlmaier hljómsveitarstjóri
Bezhod Abduraimov einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM 21|10 KL.20:00

AIÖN

Anna Þorvaldsdóttir og
Erna Ómarsdóttir AIÖN

Íslenski dansflokkurinn og
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri

FIM 28|10 KL.19:30

JESS GILLAM OG PROKOFÍEV

Doreen Carwithen Bishop Rock
Claude Debussy
Rapsódía fyrir hljómsveit og saxófón
Alexander Glazúnov Saxófónkonsert
Sergej Prokofíev Sinfónía nr. 5

Ryan Bancroft hljómsveitarstjóri
Jess Gillam einleikari

Tónleikakynning kl.18:00

NOVEMBER

MIÐ 03|11 KL.20:00

TÖFRAR FORTÍÐAR

John Dowland
If My Complaints Could Passions Move
Benjamin Britten Lachrymae
Thomas Adès Three Studies from Couperin
Maurice Ravel La Valse

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Þórunn Ósk Marinósdóttir einleikari

Tónleikakynning kl. 18:30

FÖS 05|11 KL.18:00 & 20:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN HÖGNI OG SINFÓNÍU-HLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Sinfónísk tónlist eftir Högna Egilsson

FIM 11|11 KL.19:30

EVA STJÓRNAR STRAUSS

Daníel Bjarnason From Space I Saw Earth
Richard Strauss Till Eulenspiegel
Richard Strauss Der Rosenkavalier, svíta
Richard Strauss Fjórir síðustu söngvar

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Camilla Nylund einsöngvari
Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Kornilios Michailidis hljómsveitarstjóri

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM 18|11 KL.19:30

VÍKINGUR OG ADÈS

Jean Sibelius Rakastava (Elskhuginn)
Jean Sibelius Ofviðrið, svíta nr. 2
Thomas Adès Dawn
Thomas Adès In Seven Days, píanókonsert

Thomas Adès hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Tónleikakynning kl.18:00

FIM 25|11 KL.19:00
FÖS 26|11 KL.19:00
LAU 27|11 KL.14:00

BIÓTÓNLEIKAR HARRY POTTER OG VISKUSTEINNINN™

John Williams Harry Potter og viskusteinninn

Timothy Henty hljómsveitarstjóri

19|11 – 21|11 KL.20:00

VÍKINGUR SPILAR MOZART

Víkingur Heiðar Ólafsson leikur einleiksverk

DESEMBER

FIM 02|12 KL.19:30

BENEDIKT SYNGUR BACH OG HÄNDEL

Georg Friedrich Händel
Forleikur og ariur úr Messíasi
Georg Friedrich Händel
Lagartónlist, svitur nr. 2 og 3
Georg Friedrich Händel
Waft Her, Angels, úr Jephtha
Johann Sebastian Bach
Aria úr kantötu nr. 198
Joseph Haydn
Sinfónía nr. 99

Dirk Vermeulen hljómsveitarstjóri
Benedikt Kristjánsson einsöngvari

Tónleikakynning kl. 18:00

LAU 11|12 KL.14&16

SUN 12|12 KL.14&16

LITLI TÓNSPROTINN JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Eftirlætis jólatónlist, meðal annars
Yfir fannhvíta jörð,
Hin fyrstu jól og Gílsbakkaþula.

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Arnheiður Eiríksdóttir,
Valdimar Guðmundsson og
Kolbrún Völkudóttir einsöngvarar
Eyrún Helga Aradóttir
táknmálistúlkur
Stúlknaður Reykjavíkur
Dansarar úr Listdansskóla Íslands
Bjöllukór Tónlistarskóla
Reykjanesbæjar
Flautuhópur úr Skólahljómsveit
Kópavogs og víðar
Gítarhópur úr Tónlistarskóla
Hafnarfjarðar
Táknmálskórinn Litlu sprotarnir

SEPTEMBER

FIM 06|01 KL.19:30
FÖS 07|01 KL.19:30
LAU 08|01 KL.16:00&19:30

VÍNARTÓNLEIKAR

Óperettutónlist, valsar og polkar eftir
Johann Strauss, Franz Lehár,
Emmerich Kálman, Hans Christian
Lumbye, Ellen Sandels og fleiri.

David Danzmayr hljómsveitarstjóri
Herdís Anna Jónasdóttir einsöngvari
Elmar Gilbertsson einsöngvari

Tónleikakynning 6. jan. kl. 18:00

FIM 13|01 KL.19:30
UNGIR EINLEIKARAR

Efnisskrá kynnt síðar

Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri

FIM 20|01 KL.19:30
SHOSTAKOVITSJ
OG BARBER

Unsub Chin Frontispiece
Samuel Barber Fiðlukonsert
Dmítríj Shostakovitsj Sinfónía nr. 10

Michael Sanderling hljómsveitarstjóri
Johan Dalene einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM 27|01 KL.19:30
MYRKIR MÚSÍKÐAGAR
FERÐ ÁN FYRIRHEITS

Áskell Másson Capriccio
Haukur Tómasson
It Relaxes Me, the Repetition
Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir
Pons papilloma
Kjartan Ólafsson Mar – Ferð án fyrirheits
Sveinn Lúðvík Björnsson
Glerhjallar

Ville Matvejeff hljómsveitarstjóri
Áskell Másson einleikari
Bryndís Halla Gylfadóttir einleikari
Grímur Helgason einleikari
Sigrún Eðvaldsdóttir einleikari

FÖS 28|01 KL.12:15
HÁDEGISTÓNLEIKAR
BÁRA OG
GUNNAR ANDREAS

Gunnar Andreas Kristinsson Flekar
Bára Gísladóttir VAPE

Ville Matvejeff hljómsveitarstjóri

LAU 12|02 KL.14:00
LITLI TÓNSPROTINN
ÆVINTÝRIÐ UM
TÖFRAFLAUTUNA

Wolfgang Amadeus Mozart
Töfraflautan (í styttri gerð)

Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri
Þórunn Arna Kristjánsdóttir
sögumaður
Eyrún Unnarsdóttir
Sveinn Dúa Hjörleifsson
Oddur Arnþór Jónsson
Harpa Ósk Björnsdóttir
Bryndís Guðjónsdóttir
einsöngvarar

MÁN 21|02 KL.20:00

NORÐURLJÓS
OPINN FYRIR-
LESTUR

Árni Heimir Ingólfsson kynnir
Valkyrju Wagners

FIM 24|02 KL.18:00
LAU 26|02 KL.16:00

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
VALKYRJAN

Richard Wagner Valkyrjan

Íslenska óperan og
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Julia Burbach leikstjóri
Tal Rosner vídeóhönnun og útlit
Íréne Theorin Brünnhilde
Christopher Ventris Siegmund
Christa Mayer Fricka
Claire Rutter Sieglinde
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Wotan
Kristinn Sigmundsson Hunding
ásamt fleiri söngvurum

MÍÐ 02|03 KL.20:00

VÍKINGUR
OG DANÍEL

John Adams Lollapalooza
María Huld Markan Sigfúsdóttir
Clockworking
Daníel Bjarnason
Píanókonsert nr. 3

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Tónleikakynning kl. 18:30

FÖS 11|03 KL.18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN
Á FERÐ UM
SPORBAUG

Missy Mazzoli Sinfonia (for Orbiting
Spheres)
Kjartan Sveinsson Nýtt verk
Anna Þorvaldsdóttir
CATAMORPHOSIS

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

LAU 12|03 KL. 11:30

BARNASTUND

Skemmtileg samverustund fyrir
yngstu börnin. Aðgangur ókeypis.

Þórunn Arna Kristjánsdóttir kynnir

FIM 17|03 KL.19:30

ÞÝSK
SÁLUMESSA

Olivier Messiaen
Les Offrandes oubliées
Johannes Brahms
Ein deutsches Requiem

Bertrand de Billy hljómsveitarstjóri
Emily Pogorelc einsöngvari
Jóhann Kristinsson einsöngvari
Mótettukórinn
Söngsveitin Fílharmónía
Hörður Áskelsson kórstjóri
Magnús Ragnarsson kórstjóri

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM 31|03 KL.19:30

HETJULÍF

George Walker
Lyric fyrir strengjasveit
Richard Strauss Hornkonsert nr. 2
Richard Strauss Ein Heldenleben

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Stefan Dohr einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM 07|04 KL. 19:30

PÁSKATÓNLEIKAR
SINFÓNÍUNNAR

Sofía Gubaidúlina Sieben Worte
Anton Bruckner Sinfónía nr. 3

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Geir Draugsvoll einleikari
Sigurgeir Agnarsson einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM 28|04 KL.19:30

SCHUMANN OG
SCHUBERT

Galina Ustvol'skaja
Sinfónískt ljóð nr. 2
Robert Schumann Sellókonsert
Franz Schubert Sinfónía nr. 9

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Kian Soltani einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

LAU 30|04 KL.14:00

LITLI TÓNSPROTINN
SKILABOÐA-
SKJÓÐAN

Þorvaldur Þorsteinsson og
Jóhann G. Jóhannsson
Skilaboðaskjóðan

Tónlist úr Skilaboðaskjóðunni í
flutningi landsþekktra söngvara
og leikara.

Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri

2022

FIM 05|05 KL. 19:30

VÍKINGUR OG
JOHN ADAMS

John Adams
Short Ride in a Fast Machine
John Adams Must the Devil Have
All the Good Tunes?
John Adams Harmonielehre
John Adams hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

MÍÐ 18|05 KL.20:00

EVA STJÓRNAR
SHOSTAKOVITSJ

Dmítríj Shostakovitsj Sinfónía nr. 5

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri

Tónleikakynning kl. 18:30

FÖS 03|06 KL.19:30
LAU 04|06 KL.17:00

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
BARBARA
HANNIGAN

Efnisskrá kynnt síðar

Barbara Hannigan
einsöngvari og hljómsveitarstjóri

FÖS 10|06 KL.19:30

MARIANNA
SPILAR GRIEG

Edvard Grieg Píanókonsert
Jórunn Viðar Eldur
Jórunn Viðar Ólafur Liljurós
Páll Ísólffsson Veislan á Sólhaugum
Páll Ísólffsson Úr myndabók
Jónasar Hallgrímssonar

Rumon Gamba hljómsveitarstjóri
Marianna Shirinyan einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00

Kæru tónleikagestir,

Eftirvæntingin eftir nýju starfsári Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur sjaldan verið meiri. Framundan er glæsilegt, fjölbreytt og þéttskipað tónleikaár sem við hlökkum til að upplifa með ykkur.

Nú gefst loks tækifæri á að halda stóra tónleika sem áður þurfti að fresta, til dæmis AIÖN eftir Önnu Þorvaldsdóttur og Ernu Ómarsdóttur í samstarfi við Íslenska dansflokkinn, Valkyrjuna eftir Wagner í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Íslensku óperuna, Harry Potter-kvikmyndatónleika og Ný klassík þar sem margir vinsælustu tónlistarmenn dagsins ganga til liðs við hljómsveitina.

Það er viðeigandi að á fyrstu vikum starfsársins stýri Eva Ollikainen, aðalstjórnandi hljómsveitarinnar, Niundu sínfóníu Beethovens, þar sem gleðin umlykur allt. Verkið var flutt á fyrstu opnunartónleikum Sinfóníunnar í Hörpu fyrir áratug og þá stjórnað af Vladimir Ashkenazy, aðalheiðursstjórnanda SÍ. Tónleikarnir verða haldnir honum til heiðurs og vill hljómsveitin með því þakka honum fyrir ómetanlegt samstarf um áratugaskeið. Meðal annarra hápunkta starfsársins má nefna tónleika með Barböru Hannigan á Listahátíð í júní. Þá er Víkingur Heiðar Ólafsson staðarlistamaður hljómsveitarinnar 2021-22 og býður upp á nýstárlega og spennandi konsertaveislu.

Heimsfaraldurinn hefur kennt okkur að hugsa út fyrir okkar hefðbundna ramma og sýnt og sannað hversu mikilvæg tónlistin er okkur öllum. Sinfóníuhljómsveit Íslands er sannkölluð þjóðarhljómsveit og hefur á tímum kófsins flutt landsmönnum tónlist í gegnum streymi, beinar útsendingar, heimsendingar og heimsóknir. Undirtektir voru með eindæmum góðar og í framhaldi af því hefur samstarf SÍ og RÚV verið eftt til muna. Við erum afar stolt af því að fernum tónleikum í grænni tónleikaröð verður sjónvarpað beint á RÚV á miðvikudagskvöldum og verða þeir klukkustundarlangir, án hlés og með kynningum af sviði. Einnig verður Klassíkin okkar, sá vinsæli dagskrárliður sem segja má að hafi sigrað hjarta þjóðarinnar á síðastliðnum

árum, á sínum stað í upphafi starfsársins. Með þessu vill hljómsveitin auka fjölbreytni í tónleikahaldi sínu og ekki síður gefa landsmönnum öllum kost á því að njóta tónleika hljómsveitarinnar.

Fjölbreytnin kemur víðar fram. Hljómsveitin leggur sig fram um að kynna tónlist úr ýmsum heimshörnum sem samín var á ólíkum tímum og af fólki með ólíkan bakgrunn. Efnisskrárnar spegla þá fjölbreytni sem býr bæði í fortíð okkar og samtíma, og má nefna að nú hljóma í fyrsta sinn á Íslandi tónsmíðar kventónskálda sem lengi voru gleymd. Þá hljóma einleikshljóðfæri af ýmsum toga á starfsárinu, ekki aðeins píanó og fiðla heldur einnig horn, básúna, saxófónn og harmóníka, svo eitthvað sé nefnt. Fjölbreytnin víkkar sjóndeildarhring okkar, dýpkar reynslu okkar og upplifun.

Það hefur verið einstakt ánægjuefni að sjá hversu eftirsótt hljómsveitin er á sviði alþjóðlegrar plötuútgáfu og á starfsárinu eru fyrirhugaðar upptökur á þremur plötum í samstarfi við virt erlend fyrirtæki. Fyrst ber að nefna upptökur á verkum Jóhanns Jóhannssonar í samstarfi við Deutsche Grammophon og er það í fyrsta sinn sem hljómsveitin hljóðritar sérstaklega fyrir það heimsþekkta forlag. Hljóðritun nýrra íslenskra verka heldur áfram í samstarfi við Sono Luminus og undir lok starfsársins fara fram upptökur á verkum eftir Pál Ísólffsson og Jórinni Viðar. Öflugt fræðslustarf hljómsveitarinnar heldur áfram. Ungsveitin leikur á tónleikum í upphafi árs, hljómsveitarstjóraakademían frá síðasta ári heldur áfram og boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá í Litla tónsprotanum. Skólatónleikar og Barnastundir verða einnig á sínum stað.

Ég vona svo sannarlega að við munum eiga þess kost næsta vetur að eiga saman gæðastundir í Hörpu þar sem hver og einn getur látið hugann reika, gleymt sér um stund og nært sálina með tónlist.

Við hlökkum til að sjá ykkur,

Lára Sóley

A portrait of Lára Sóley Jóhannsdóttir, the Artistic Director of the Icelandic Symphony Orchestra, standing in a large, empty concert hall with red tiered seating. She is wearing a dark, long-sleeved dress with a vibrant floral pattern of purple, yellow, and red flowers. Her hands are clasped in front of her, and she is looking directly at the camera with a slight smile. The background shows the vastness of the hall with its red walls and seats, creating a dramatic and professional atmosphere.

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Sinfóníuhljómsveitar Íslands



RAUÐA RÖÐIN

Fyrir þá sem vilja kraftmikla
sinfóníska tónlist beint í æð.

SJÖ TÓNLEIKAR



FIM 09|09 KL.19:30

BERTRAND DE BILLY STJÓRNAR BRAHMS

Johannes Brahms
Akademískur hátíðarforleikur
Henri Tomasi Básúnikonsert
Johannes Brahms Sinfónía nr. 1

Bertrand de Billy hljómsveitarstjóri
Jörgen van Rijen einleikari

FIM 30|09 KL.19:30

SELLÓKONSERT DVOŘÁKS

Halldór Smárason infinite image
Antonín Dvořák Sellókonsert
Joan Tower Konsert fyrir hljómsveit

Peter Oundjian hljómsveitarstjóri
Jonathan Swensen einleikari

FIM 28|10 KL.19:30

JESS GILLAM OG PROKOFIEV

Doreen Carwithen Bishop Rock
Claude Debussy
Rapsódía fyrir hljómsveit og saxófón
Alexander Glazúnov Saxófónkonsert
Sergej Prokofiev Sinfónía nr. 5

Ryan Bancroft hljómsveitarstjóri
Jess Gillam einleikari

FIM 18|11 KL.19:30

VÍKINGUR OG ADÈS

Jean Sibelius Rakastava (Elskhuginn)
Jean Sibelius Ofviðrið, svíta nr. 2
Thomas Adès Dawn
Thomas Adès In Seven Days,
píanókonsert

Thomas Adès hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

FIM 20|01 KL.19:30

SHOSTAKOVITSJ OG BARBER

Unsuk Chin Frontispiece
Samuel Barber Fiðlukonsert
Dmitrij Shostakovitsj Sinfónía nr. 10

Michael Sanderling hljómsveitarstjóri
Johan Dalene einleikari

FIM 31|03 KL.19:30

HETJULÍF

George Walker
Lyric fyrir strengjasveit
Richard Strauss Hornkonsert nr. 2
Richard Strauss Ein Heldenleben

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Stefan Dohr einleikari

FIM 28|04 KL.19:30

SCHUMANN OG SCHUBERT

Galina Ustvol'skaja Sinfónískt ljóð nr. 2
Robert Schumann Sellókonsert
Franz Schubert Sinfónía nr. 9

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Kian Soltani einleikari

GULA RÖÐIN

Fyrir þá sem vilja fjölbreytni í verkefnavali,
allt frá Vínarklassík til nútímaverka.

SJÖ TÓNLEIKAR



FIM 16|09 KL.19:30

NÍUNDA SINFÓNÍA BEETHOVENS

Sofia Gubaidulina Fachwerk
Ludwig van Beethoven Sinfónía nr. 9

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Geir Draugsvoll einleikari
Hallveig Rúnarsdóttir einsöngvari
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir einsöngvari
Stuart Skelton einsöngvari
Jóhann Kristinnson einsöngvari
Mótettukórinn
Söngsveitin Fílharmónía
Hörður Áskelsson kórstjóri
Magnús Ragnarsson kórstjóri

FIM 14|10 KL.19:30

TSJAJKOVSKÍJ OG PROKOFIEV

Pjotr Tsjajkovskíj Rómeó og Júlía,
fantasíuforleikur
Sergej Prokofiev Píanókonsert nr. 2
Emilie Mayer Sinfónía nr. 7

Anja Bihlmaier hljómsveitarstjóri
Bezhod Abduraimov einleikari

FIM 11|11 KL.19:30

EVA STJÓRNAR STRAUSS

Daniel Bjarnason
From Space I Saw Earth
Richard Strauss Till Eulenspiegel
Richard Strauss Der Rosenkavalier,
svíta
Richard Strauss Fjórir síðustu söngvar

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Camilla Nylund einsöngvari
Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Kornilios Michailidis hljómsveitarstjóri

FIM 17|03 KL.19:30

ÞÝSK SÁLUMESSA

Olivier Messiaen
Les Offrandes oubliées
Johannes Brahms Ein deutsches
Requiem

Bertrand de Billy hljómsveitarstjóri
Emily Pogorelec einsöngvari
Jóhann Kristinnson einsöngvari
Mótettukórinn
Söngsveitin Fílharmónía
Hörður Áskelsson kórstjóri
Magnús Ragnarsson kórstjóri

FIM 07|04 KL. 19:30

PÁSKATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Sofia Gubaidulina Sieben Worte
Anton Bruckner Sinfónía nr. 3

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Geir Draugsvoll einleikari
Sigurgeir Agnarsson einleikari

FIM 05|05 KL. 19:30

VÍKINGUR OG JOHN ADAMS

John Adams
Short Ride in a Fast Machine
John Adams Must the Devil Have All
the Good Tunes?
John Adams Harmonielehre

John Adams hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

FÖS 10|06 KL.19:30

MARIANNA SPILAR GRIEG

Edvard Grieg Píanókonsert
Jórunn Viðar Eldur
Jórunn Viðar Ólafur liljurós
Páll Ísólffson Veislan á Sólhaugum
Páll Ísólffson Úr myndabók
Jónasar Hallgrímssonar

Rumon Gamba hljómsveitarstjóri
Marianna Shirinyan einleikari

Skannaðu og hlustaðu



Við áskriftaraðir og tónleika er að finna Spotify-kóða. Þú finnur lagalistann með því að smella á myndavéartáknið í Spotify-appinu í símanum og tekur mynd af kóðanum. Þannig getur þú hlustað á verkin og kynnt þér dagskrána.

GRÆNA RÖÐIN

Fyrir þá sem vilja aðgengilega og áheyrilega klassík af léttara taginu.

FIMM TÓNLEIKAR



MIÐ 06|10 KL.20:00

STRAUSS OG SHOSTAKOVITSJ

Richard Strauss Hornkonsert nr. 1
Dmítríj Shostakovítsj Píanókonsert nr. 2
Richard Strauss Don Juan

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Stefán Jón Bernharðsson einleikari
Ásta Dóra Finnsdóttir einleikari

MIÐ 03|11 KL.20:00

TÖFRAR FORTÍÐAR

John Dowland If My Complaints
Could Passions Move
Benjamin Britten Lachrymae
Thomas Adès Three Studies from Couperin
Maurice Ravel La Valse

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Þórunn Ósk Marinósdóttir einleikari

FIM 06|01 KL.19:30

VÍNARTÓNLEIKAR

Óperettutónlist, valsar og polkar eftir Johann Strauss, Franz Lehár, Emmerich Kálmán, Hans Christian Lumbye, Ellen Sandels o.fl.

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Herdís Anna Jónasdóttir einsöngvari
Elmar Gilbertsson einsöngvari

MIÐ 02|03 KL.20:00

VÍKINGUR OG DANIEL

John Adams Lollapalooza
María Huld Markan Sigfúsdóttir Clockworking
Daníel Bjarnason Píanókonsert nr. 3

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

MIÐ 18|05 KL.20:00

EVA STJÓRNAR SHOSTAKOVITSJ

Dmítríj Shostakovítsj Sinfónía nr. 5
Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri

LITLI TÓNSPROTINN

Áskrift fyrir alla fjölskylduna þar sem yngstu tónlistarunnendurnir kynnst töfrum hljómsveitarinnar.

FERNIR TÓNLEIKAR



LAU 25|09 KL.14:00

UNDUR JARÐAR MEÐ STJÖRNU-SÆVARI

Ævintýrleg tónlist um undur jarðar, m.a. eftir John Williams, Richard Strauss, W.A. Mozart, Ferde Grofé og Jón Leifs.

Noam Aviel hljómsveitarstjóri
Sævar Helgi Bragason kynnr

LAU 11|12 KL.14:00 & 16:00
SUN 12|12 KL.14:00 & 16:00

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNIUNNAR

Eftirlætis jólatónlist, meðal annars Yfir fannhvíta jörð, Hin fyrstu jól og Gilsbakkapula.

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Arnheiður Eiríksdóttir,
Valdimar Guðmundsson og
Kolbrún Völkudóttir einsöngvarar
Eyrún Helga Aradóttir táknmálistúlkur
Stúlknakór Reykjavíkur
Dansarar úr Listdansskóla Íslands
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Flautuhópur úr Skólahljómsveit Kópavogs og víðar
Gítarhópur úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar
Táknmálskórinn Litlu sprotarnir

LAU 12|02 KL.14:00
ÆVINTYRIÐ UM TÖFRAFLAUTUNA

Wolfgang Amadeus Mozart
Töfraflautan (í styttri gerð)

Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri
Þórunn Arna Kristjánsdóttir
sögumaður
Eyrún Unnarsdóttir
einsöngvari
Sveinn Dúa Hjörleifsson
einsöngvari
Oddur Arnþór Jónsson einsöngvari
Harpa Ósk Björnsdóttir einsöngvari
Bryndís Guðjónsdóttir einsöngvari

LAU 30|04 KL.14:00

SKILABOÐA-SKJÓÐAN

Þorvaldur Þorsteinsson og
Jóhann G. Jóhannsson
Skilaboðaskjóðan

Tónlist úr Skilaboðaskjóðunni í flutningi landsþekktra söngvara og leikara.

Kornilios Michailidis hljómsveitarstjóri

FÖSTUDAGSTVENNAN

FÖS 05|11 KL.18:00 & 20:00

HÖGNI OG SINFÓNÍU-HLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Sinfónísk tónlist eftir Högna Egilsson

FÖS 11|03 KL.18:00

Á FERÐ UM SPORBAUG

Missy Mazzoli
Sinfonia (for Orbiting Spheres)
Kjartan Sveinsson Nýtt verk
Anna Þorvaldsdóttir CATAMORPHOSIS

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

TÓNLEIKA-RAÐIR

TRYGGÐU ÞÉR
ÁSKRIFT AÐ SNILLD

Áskrift veitir **20% afslátt** af almennu miðaverði.

Tvö áskriftarkort veita **25% afslátt** og þrjú kort gefa **30% afslátt** af almennu miðaverði.

Áskrifendur fá **10% afslátt** af viðbótarmiðum á alla tónleika og gjafakortum hljómsveitarinnar.

Áskrifendur bíða ekki í röð í miðasölu fyrir tónleika, ganga alltaf að sætum sínum vísu og eiga forkaupsrétt á þeim þegar áskrift er endurnýjuð.

MIÐASALA

Sala og endurnýjun áskrifta fer fram í miðasölu Hörpu og á [sinfonia.is](#)

Upplýsingar um sæta-
skipan í Eldborg er að
finna á blaðsíðu 83.

Sími 528-5050

Víkingur Heiðar leikur þrjá magnaða nýja píanókonserta auk einleikstónleika með verkum Mozarts

Víkingur Heiðar Ólafsson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-22. Víkingur er ekki aðeins einn ástsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar heldur hefur hann á undanförnum árum hlotið mikla vegsemd á alþjóðlegum vettvangi. Sem dæmi má nefna að tímaritið Gramophone valdi hann tónlistarmann ársins 2019, auk þess sem Bach-plata hans hlaut BBC Music Magazine og Opus Klassik-verðlaunin sama ár.

Verkefni Víkings sem staðarlistamanns hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands er bæði metnaðarfullt og óvenjulegt. Hann mun flytja þrjá glæsilega píanókonserta eftir nokkra af fremstu höfundum samtímans – Thomas Adès, John Adams og Daníel Bjarnason – undir stjórn tónskáldanna sjálfra. Öll verkin hljóma á Íslandi í fyrsta sinn. Raunar er konsert Daníels svo nýr að hann verður ekki frumfluttur á heimsvísu fyrr en í febrúar 2022, fáeinum vikum áður en hann hljómar á Íslandi.

Svarta röðin

Í tilefni af samstarfi hljómsveitarinnar við Víking bjóðum við nú upp á sérstaka tónleikaröð með Víkingi í einleikshlutverki - Svörtu röðina. Auk þrenna tónleika með Víkingi og Sinfóníuhljómsveit Íslands eru þar einnig einleikstónleikar Víkings í Eldborg í nóvember þar sem hann leikur efni af nýjustu plötu sinni eftir Mozart og samtímamenn hans. Þeir sem kaupa kort á þessa einstöku röð fá 15% afslátt af almennu miðaverði.

Samstarf Víkings og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári er einstakt á heimsvísu og nokkuð sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

SVARTA RÖÐIN

Sérstök tónleikaröð með Víkingi í einleiks-
hlutverki - þrennir hljómsveitartónleikar
ásamt einleikstónleikum Víkings í nóvember.

FIM 18|11 KL.19:30

VÍKINGUR OG ADÈS

Jean Sibelius Rakastava (Elskhuginn)
Jean Sibelius Ofviðrið, svíta nr. 2
Thomas Adès Dawn
Thomas Adès In Seven Days, píanókonert
Thomas Adès hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

FÖS 19|11 KL.20:00
LAU 20|11 KL.20:00
SUN 21|11 KL.20:00

VÍKINGUR SPILAR MOZART

Víkingur Heiðar Ólafsson leikur einleiksverk
eftir Wolfgang Amadeus Mozart og samtíma-
menn hans, af nýjum geisladiski sínum hjá
Deutsche Grammophon.
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

MÍÐ 02|03 KL.20:00

VÍKINGUR OG DANIEL

John Adams Lollapalooza
María Huld Markan Sigfúsdóttir
Clockworking
Daniel Bjarnason Píanókonert nr. 3
Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

FIM 05|05 KL. 19:30

VÍKINGUR OG JOHN ADAMS

John Adams Short Ride in a Fast Machine
John Adams Must the Devil Have All
the Good Tunes?
John Adams Harmonielehre
John Adams hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

ÝMSIR TÓNLEIKAR

Boðið er upp á fjölbreytta tónleika á
starfsárinu sem eru utan tónleikaraða
og tilvaldir á Regnbogakort.

FIM 19|08 KL.20:00
FÖS 20|08 KL.20:00

NÝ KLASSÍK OG SINFÓ

Fram koma: Bríet, Cell7, Flóni, GDRN,
Joey Christ, Jóipé og Króli, Logi Pedro og
Reykjavíkurdætur
Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri

LAU 21|08 KL.15:00

PÉTUR OG ÚLFURINN Á MENNINGARNÓTT

Sergej Prokofiev Pétur og úlfurinn
Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharðsdóttir sögumaður

FÖS 03|09 KL.20:00

KLASSÍKIN OKKAR

Vinsæl íslensk og erlend leikhústónlist
frá ýmsum tímum.

Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir,
Elmar Gilbertsson,
Emilíana Torriini,
Jóhann Sigurðarson,
Katrín Halldóra Sigurðardóttir,
Kristjana Stefánsdóttir,
Lay Low,
Salka Sól Eyfeld
og fleiri söngvarar kynntir síðar
Söngsveitin Filharmónía
Magnús Ragnarsson kórstjóri
Guðni Tómasson kynnir
Halla Oddný Magnúsdóttir kynnir

LAU 11|09 KL. 11:30

BARNASTUND

Sigurður Þór Óskarsson kynnir

SUN 26|09 KL.17:00

UNGSVEITIN SPILAR SIBELIUS

Jean Sibelius Sinfónía nr. 2
Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri

FIM 21|10 KL.20:00

AIÐN

Anna Þorvaldsdóttir og Erna Ómarsdóttir
AIÐN

Íslenski dansflokkurinn og
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri

FIM 25|11 KL.19:00
FÖS 26|11 KL.19:00
LAU 27|11 KL.14:00

BÍÓTÓNLEIKAR HARRY POTTER OG VISKUSTEINNINN™

John Williams Harry Potter og viskusteinninn

Timothy Henty hljómsveitarstjóri

FIM 02|12 KL.19:30

BENEDIKT SYNGUR BACH OG HÁNDEL

Georg Friedrich Händel
Forleikur og árur úr Messíasi
Georg Friedrich Händel
Lagartónlist, svitur nr. 2 og 3
Georg Friedrich Händel
Waft Her, Angels, úr Jephtha
Johann Sebastian Bach Aría úr kantötu nr. 198
Joseph Haydn Sinfónía nr. 99

Dirk Vermeulen hljómsveitarstjóri
Benedikt Kristjánsson einsöngvari

FIM 13|01 KL.19:30

UNGIR EINLEIKARAR

Efnisskrá kynnt síðar

FIM 27|01 KL.19:30

MYRKIR MÚSÍKÐAGAR FERÐ AN FYRIRHEITS

Áskell Másson Capriccio
Haukur Tómasson It Relaxes Me, the Repetition
Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir Pons papilloma
Kjartan Ólafsson Mar – Ferð án fyrirheits
Sveinn Lúðvík Björnsson Glerhjallar

Ville Matvejeff hljómsveitarstjóri
Áskell Másson einleikari
Bryndís Halla Gylfadóttir einleikari
Grímur Helgason einleikari
Sigrún Eðvaldsdóttir einleikari

FÖS 28|01 KL.12:15

HÁDEGISTÓNLEIKAR

BÁRA OG GUNNAR ANDREAS

Gunnar Andreas Kristinsson Flekar
Bára Gísladóttir VAPE
Ville Matvejeff hljómsveitarstjóri

FIM 24|02 KL.18:00
LAU 26|02 KL.16:00

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK VALKYRJAN

Richard Wagner Valkyrjan

Íslenska óperan og
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Julia Burbach leikstjóri
Tal Rosner vídeóhönnun og útlit
Íréne Theorin Brünnhilde
Christopher Ventris Siegmund
Christa Mayer Fricka
Claire Rutter Sieglinde
Ólafur Kjartan Sigurðarson Wotan
Kristinn Sigmundsson Hunding
ásamt fleiri söngvurum

LAU 12|03 KL. 11:30

BARNASTUND

Þórunn Arna Kristjánsdóttir kynnir

FÖS 03|06 KL.19:30

LAU 04|06 KL.17:00

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK BARBARA HANNIGAN

Efnisskrá kynnt síðar

Barbara Hannigan
einsöngvari og hljómsveitarstjóri

REGNBOGAKORT

FYRIR ÞÁ SEM VILJA SETJA
SAMAN SÍNA EIGIN TÓNLEIKARÖÐ

Með Regnbogakorti getur þú valið þá tónleika sem höfða mest til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með minnst fenum tónleikum.

Námsmenn, 25 ára og yngri, fá 50% afslátt á verðsvæðum 2 og 3 í miðasölu Hörpu.



SKÓLAKORT

FYRIR TÓNLISTARNEMA OG
UNGT FÓLK, 25 ÁRA OG YNGRA

Miði á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á **1.900 kr.** með Skólakorti. Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Skráðu þig fyrir skólakorti í miðasölu eða á sinfonia.is/skolakort

NOKKRAR TILLÖGUR AÐ REGNBOGAKORTI

STÓRBROTID OG SPENNANDI

Ómissandi á Regnbogakort þeirra sem vilja kraftmikla og stórbrotna símfóníutónleika

16|09
**NÍUNDA SINFÓNÍA
BEETHOVENS**

28|10
**JESS GILLAM OG
PROKOFÍEV**

11|11
**EVA STJÓRNAR
STRAUSS**

20|01
**SHOSTAKOVITSJ
OG BARBER**

24 & 26|02
**LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
VALKYRJAN**

17|03
ÞÝSK SÁLUMESSA

31|03
HETJULÍF

07|04
**PÁSKATÓNLEIKAR
SINFÓNÍUNNAR**

18|05
**EVA STJÓRNAR
SHOSTAKOVITSJ**

EINLEIKARAR OG EINSÖNGVARAR Í FREMSTU RÖÐ

Þessir einleikarar á heims-
mælikvarða eiga heima á
öllum Regnbogakortum

30|09
**JONATHAN
SWENSEN**

28|10
JESS GILLAM

11|11
CAMILLA NYLUND

02|12
**BENEDIKT
KRISTJÁNSSON**

20|01
JOHAN DALENE

31|03
STEFAN DOHR

07|04
GEIR DRAUGSVOLL

28|04
KIAN SOLTANI

03 & 04|06
**BARBARA
HANNIGAN**

10|06
**MARIANNA
SHIRINYAN**

Fjölbreytt og öðruvísi
tónlist fyrir öll áhugasvið

19 & 20|08
**NY KLASSÍK
OG SINFO**

03|09
**KLASSÍKIN OKKAR -
LEIKHÚSVEISLA**

05|11
**HÖGNI OG SINFÓNÍU-
HLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

25-27|11
**HARRY POTTER OG
VISKUSTEINNINN™**

06-08|01
VÍNARTÓNLEIKAR

12|03
**Á FERÐ UM
SPORBAUG**

05|05
**VÍKINGUR OG
JOHN ADAMS**

03|06 & 04|06
**BARBARA
HANNIGAN
Á LISTAHÁTÍÐ**

Íslensk tónlist og íslenskir
sólistar í fremstu röð

03|09
KLASSÍKIN OKKAR

16 & 17|09
**HALLVEIG,
SIGRÍÐUR ÓSK
OG JÓHANN**

30|09
HALLDÓR SMÁRASON

06|10
**STEFÁN JÓN OG
ÁSTA DÓRA**

21|10
**AION - ANNA
BORVALDSDÓTTIR**

11|11
DANÍEL BJARNASON

02|12
**BENEDIKT
KRISTJÁNSSON**

06-08|01
**ELMAR OG
HERDÍS ANNA**

27|01
**MYRKIR MÚSÍKDAGAR
FERÐ ÁN FYRIRHEITS**

02|03
VÍKINGUR OG DANÍEL

11|03
**ANNA BORVALDS-
DÓTTIR OG KJARTAN
SVEINSSON**

10|06
**JÓRUNN VIÐAR OG
PÁLL ÍSÓLFSSON**



**Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri
og listrænn stjórnandi tekinn tali**

Eva og endurfæðingin

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók formlega við stöðu aðalhljómsveitarstjóra á 70 ára afmælistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í mars 2020. Það mun óhætt að segja að ekki hafi allt farið eftir áætlun síðan þá. Tveimur vikum síðar voru fjöldasamkomur óheimilar og í rúmt ár hefur glíman við kórónuveirufaraldur umturnað öllu starfi hljómsveitarinnar.

„Það er vægt til orða tekið að ekkert hafi farið eins og við höfðum hugsað okkur á nýliðnu starfsári!“, segir Eva Ollikainen og brosir. „Í fyrsta lagi verð ég að hrósa hljómsveitinni og starfsliði Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrir að vera svo skjót og sveigjanleg í að bregðast við hverri nýrri stöðu sem upp kom. Mér skilst raunar að Íslendingar hafi almennt verið mjög snöggir í viðbrögðum og nálgast erfiða stöðu af æðruleysi. Hjá hljómsveitinni var haldinn snöggur fundur, farið var yfir hvað væri mögulega hægt að gera í þeirri stöðu sem upp var komin, og svo var því bara hrint í framkvæmd. Ég verð að hrósa þessu því þetta er að mínu viti allt að því einstakt á heimsvísu. Okkur tókst alltaf að halda tónleika



þegar það var yfirleitt mögulegt. Ég er ótrúlega þakklát fyrir að eiga slíkt samstarf. Meðlimir hljómsveitarinnar hafa sýnt úthald og sveigjanleika, tekið hverri breytingu með opnum huga jafnvel þótt fyrirvarinn væri skammur. Svo verð ég líka að þakka þeim meðlimum hljómsveitarinnar sem stigu fram og léku einleik þegar ljóst var að ekki yrði mögulegt að bjóða erlendum listamönnum að koma til landsins um sinn. Ég hef aðeins fengið jákvæð viðbrögð og þakklæti fyrir það að við skyldum geta haldið tónleika – sem er auðvitað það sem við brennum fyrir.“

Eva nefnir að sumar þær lausnir sem urðu til af illri nauðsyn á tímum samkomutakmarkana hafi í raun verið til góðs. „Það var til dæmis einstakt fyrir mig að ég skyldi geta starfað á Íslandi svo margar vikur í röð. Síðastliðinn vetur var ég hér í fimm vikur samfleytt, og það hef ég aldrei áður gert með nokkurri hljómsveit. Þannig gat ég lært betur inn á hljómsveitina og hún fengið meiri tíma til að kynna mínun áherslum í tónlistinni. Þetta var dásamleg og jákvæð reynsla sem við búum að til framtíðar. Svo höfum við fengið mjög jákvæð viðbrögð við styttri efnisskrám án hlés. Þetta kenndi okkur að efnisskrár tónleika geta verið margs konar. Það hentar mörgum betur, ekki síst fjölskyldufólki sem vill koma með börnin sín á tónleika, að hafa tónleikana styttri og hnitmiðaðri. Þessa reynslu ætlum við einmitt að notfæra okkur á þessu starfsári, því að fernir tónleikar í grænu röðinni verða klukkutíma langir, án hlés, og í beinni útsendingu í sjónvarpi,“ segir Eva.

Sé litið yfir efnisskrár vetrarins er augljóst að Richard Strauss er þar áberandi enda er hann í miklum metum hjá Evu. „Richard Strauss er hið fullkomna sinfóníska tónskáld,“ segir hún. „Fyrir sinfóníuhljómsveit ég get ekki hugsað mér neitt annað tónskáld sem skrifar svo frábæra tónlist og gefur hverjum og einum hljóðfæraleikara svo fallegar áskoranir í tónlistinni. Lokaútkoman er frábær – allir elska tónlistina hans, enda er hún fögur og glæsileg, oft ævintýraleg eða fyndin – en hvað sjálfan flutninginn snertir er helsta áskorunin að spila hverja nótu með fallegum, syngjandi tóni. Tónlist Strauss er tæknilega krefjandi en líka á vissan hátt hálfgerð kammertónlist, hún krefst nærgætni og tillits, sem er líka góður skóli. Mér fannst tónlist Strauss því tilvalið viðfangsefni fyrir

”

Kannski verður upplifun okkar jafnvel ennþá dýpri, vegna þess að við höfum svo lengi þurft að neita okkur um slíkar upplifanir.

hljómsveitina einmitt nú, þegar við getum loksins tekist á við verk fyrir sinfóníuhljómsveit í fullri stærð.“

Það fer ekki á milli mála að Eva Ollikainen horfir björtum augum til framtíðar og hefur trú á hlutverki tónlistar í samfélaginu, ekki síst nú. „Það eru tvö verk á efnisskrá vetrarins sem mér finnst að fangi kjarnann í öllu okkar starfi einmitt á þessum merkilegu tímum. Þar á ég við Niundu sinfóníu Beethovens, sem færir okkur skilaboð um bræðralag mannkyns sem hafa aldrei verið mikilvægari en nú. Um leið er hún áminning til okkar sem veljum verk á efnisskrár hljómsveitarinnar um það að halda áfram að stuðla að jafnrétti á öllum sviðum. Í ár eru verk eftir konur og tónskáld úr minnihlutahópum meira áberandi en áður, og þótt vissulega megi alltaf gera betur þá held ég að við getum verið stolt af okkar framlagi í þá veru. Hitt verkið sem ég vil sérstaklega nefna er sinfónía nr. 5 eftir Shostakovitsj, sem má á vissan hátt líta á sem eins konar endurfæðingu í tónlist. Í raun er allt þetta starfsár í mínum huga eins konar endurfæðing eftir erfitt tímabil. Við getum boðið upp á dásamlegar efnisskrár og einleikara, og ég sé fyrir mér að samfélagið allt verði kraumandi af orku nú þegar loksins má koma saman og njóta tónleika á þann hátt sem við vorum áður vön. Kannski verður upplifun okkar jafnvel ennþá dýpri, vegna þess að við höfum svo lengi þurft að neita okkur um slíkar upplifanir.“

19|08 20|08

FIMMTUDAGUR
KL.20:00

FÖSTUDAGUR
KL.20:00

Fram koma
Brít, Cell7, Flóni,
GDRN, Joey Christ,
JóiPé og Króli, Logi Pedro,
og **Reykjavíkurdætur**

Ný klassík og Sinfó

Sinfóníuhljómsveit Íslands á stefnumót við marga af vinsælustu tónlistarmönnum landsins á þrennum stórtónleikum í Eldborg. Þau sem koma fram og flytja lög sín í nýjum órafmögnum útsetningum fyrir sinfóníuhljómsveit eru: GDRN, Flóni, Brít, Joey Christ, Logi Pedro, JóiPé og Króli, Cell7 og Reykjavíkurdætur.

Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason og útsetningar eru í höndum Viktors Orra Árnasonar. Tónleikagestir geta átt von á því að heyra lög eins og Án þín, Ógeðsleg, Geimvera og Rólegur kúreki ásamt fleiri þekktum lögum. Enginn má missa af þessum einstöku tónleikum þar sem um hundrað tónlistarmenn taka höndum saman og skapa nýja klassík.

Ungstirnir í nýrri íslenskri tónlist stíga á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn.

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri





21|08

LAUGARDAGUR
KL. 15:00

Sergej Prokofiev
Pétur og úlfurinn



Pétur og úlfurinn á Menningarnótt

Pétur og úlfurinn er eitt ástsælasta tónlistarævintýri sem fyrirfinnst. Pétur býr hjá afa sínum sem er illa við að drengurinn álpist út fyrir garðinn þar sem úlfar ráfa um. En ævintýraþrá Péturs verður skynseminni yfirsterkari og þegar hann er kominn út fyrir garðinn hendir ýmislegt broslagt. Dýr af ýmsu tagi koma við sögu og Prokofiev gefur hverju þeirra sitt stef og hljóðfæri: fuglinn, öndin, kötturinn og úlfurinn gráðugi – en Pétur þyrmir lífi hans þrátt fyrir allt.

Þetta litríka og skemmtilega ævintýri er fullkomin skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Einnig verður á tónleikunum sunginn afmælissöngurinn handa tónlistarhúsinu Hörpu, sem fagnaði tíu ára afmæli sínu í maí síðastliðnum.

Aðgangur á tónleikana er ókeypis en sækja þarf miða á sinfonia.is eða í miðasölu Hörpu á tónleikadegi frá kl. 11.

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Halldóra Geirharðsdóttir
sögumaður

Cécile Parcillié
myndskreytingar



03|09

FÖSTUDAGUR
KL. 20.00

Vinsæl leikhústónlist frá ýmsum
tímum, m.a. eftir **Atla Heimi Sveinsson,**
Hjálmar H. Ragnarsson, Jón Ásgeirsson,
Pál Ísólfsson, Edvard Grieg og úr söngleikjunum
Vesalingunum og West Side Story.



LEIKHÚSVEISLA

Klassíkin okkar

Undanfarin fimm ár hafa Sinfóníuhljómsveit Íslands og RÚV efnt til glæsilegra tónleika undir yfirskriftinni „Klassíkin okkar“ sem hafa hlotið gífurlega athygli og vinsældir. Þann 3. september næstkomandi verða sjöttu tónleikarnir af þessum toga haldnir í Hörpu og að þessu sinni verður athyglinni beint að leikhústónlist, úr innlendum jafnt sem erlendum verkum frá ýmsum tímum.

Meðal þeirra gimsteina sem hljóma á tónleikunum má nefna Afmælisdiktur („Í Skólavörðuholtið hátt“) eftir Atla Heimi Sveinsson, Söng Sólveigar eftir Hjálmar H. Ragnarsson, Maístjörnuna eftir Jón Ásgeirsson, og lög úr vinsælum söngleikum eins og Vesalingunum og West Side Story.

Vorið 2021 gafst Íslendingum færi á að kjósa sitt upphalds íslenska leikhúslag á ruv.is og verður tilkynnt um úrslitin á tónleikunum sem eru sýndir í beinni útsendingu á RÚV.

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Þjóðleikhússins og RÚV.

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Álfheiður Erla Guðmundsdóttir,
Elmar Gilbertsson,
Emilíana Torrini,
Jóhann Sigurðarson,
Katrín Halldóra Sigurðardóttir,
Kristjana Stefánsdóttir,
Lay Low,
Salka Sól Eyfeld
og fleiri söngvarar kynntir síðar

Söngsveitin Fílharmónía
Magnús Ragnarsson
kórstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
Guðni Tómasson
kynnar

Framúrskarandi söngvarar, leikarar
og kórar koma fram í þessari
einstöku dagskrá þar sem töfrar
leikhússins verða í algleymingi.



09|09

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Bertrand de Billy stjórnar Brahms



Fyrstu áskriftartónleikar starfsársins fara fram undir styrkri stjórn Bertrands de Billy, sem er nýr aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann kemur reglulega fram með fremstu hljómsveitum heims, meðal annars á Salzburger-hátíðinni og við Metropolitan-óperuna í New York, auk þess sem hann er aðalgestastjórnandi Fílharmoníusveitarinnar í Dresden.

Á Íslandi mun Bertrand de Billy meðal annars stjórna öllum sinfóníum Johannesar Brahms og því er viðeigandi að fyrsta sinfónía meistarans sé á efnisskránni á þessum tónleikum. Brahms átti í vandræðum með verkið fyrst um sinn, honum þótti erfitt að feta í fótspor Beethovens í þessu stórbrotna formi, en útkoman var sannarlega áreynslunnar virði og hefur hún oft verið nefnd „tíunda sinfónía Beethovens“. Akademíski hátíðarforleikurinn er eitt líflegasta hljómsveitarverkið sem Brahms samdi, syrpa af glaðværum stúdentasöngvum og tilvalinn upptaktur að nýju tónleikaári.

Jörgen van Rijen leiðir básúnudeild Concertgebouw-hljómsveitarinnar í Amsterdam, sem talin er ein sú besta í heimi. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir lek sinn, meðal annars Hollensku tónlistarverðlaunin, og hefur starfað náið með samtímatónskáldum eins og James MacMillan og Kalevi Aho. Á Íslandi leikur hann konsert eftir Henri Tomasi, verk sem er ljóðrænt en einnig með hressilegu djass-ívafi og hefur um áratugaskeið verið einn mest flutti básúnukonsert sem fyrirfinnst.

Johannes Brahms
Akademískur hátíðarforleikur

Henri Tomasi
Básúnukonsert

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 1



Bertrand de Billy
hljómsveitarstjóri

Jörgen van Rijen
einleikari

**Brahms og
básúnukonsert í
meistaratúlkun á fyrstu
áskriftartónleikum
vetrarins.**

11|09

LAUGARDAGUR
KL. 11:30

NORÐURLJÓS


Barnastund Sinfóníunnar

Í Barnastund hljómsveitarinnar að hausti kynnir Sigurður Þór Óskarsson ljúfar klassískar perlur í bland við þekkt sönglög. Ævintýratónlist úr Dýrunum úr Hálsaskógi og Emil úr Kattholti hljómar á þessari fallegu Barnastund í nýjum útsetningum Jóhanns G. Jóhannssonar.

Skemmtileg samverustund fyrir yngstu börnin. Aðgangur er ókeypis og gott er að koma með púða til að sitja á.

Skemmtileg og lífleg tónlist, m.a. forleikurinn að **Carmen**, vinsæl lög úr **Dýrunum í Hálsaskógi** og íslensk lög um dýrin, **Krummi krunkar úti** og **Heyrðu snöggvast Snati minn**.

Sigurður Þór Óskarsson
kynnir



16|09 17|09

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

FÖSTUDAGUR
KL.19:30

TÓNLEIKAKYNNING
16|09 KL.18:00

Sofia Gubaidulina
Fachwerk

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr.9



Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Geir Draugsvoll
einleikari

Hallveig Rúnarsdóttir
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir
Stuart Skelton

Jóhann Kristinsson
einsöngvarar

Mótettukórinn

Söngsveitin Fílharmónía

Hörður Áskelsson
Magnús Ragnarsson
kórstjórar

Níunda sinfónía Beethovens

Níunda sinfónían er eitt dádasta verk tónlistarsögunnar, síðasta sinfónía Beethovens en sú fyrsta í tónlistarsögunni þar sem notast var við söngvara. Hún hafði feykileg áhrif á þróun sinfóníunnar á 19. öld og meðal þeirra sem sömdu verk undir áhrifum hennar má nefna Mendelssohn og Brahms, Bruckner og Mahler. Lokakaflinn, Óðurinn til gleðinnar, hefur ekki síður verið áhrifavaldur á 20. og 21. öld. Tónlistin þykir boðberi friðar og jafnréttis, og verkið hljómaði meðal annars í tengslum við hrun Berlínarmúrsins og byltingu námsmanna á Torgi hins himneska friðar í Kína.

Úrvalslíð tónlistarmanna tekur þátt í flutningnum. Hallveig Rúnarsdóttir og Sigríður Ósk hafa um árabíl verið meðal fremstu söngkvemma þjóðarinnar. Stuart Skelton er í flokki fremstu tenórsöngvara heims og var kosinn Söngvari ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2021. Jóhann Kristinsson hefur vakið mikla hrifningu fyrir blæbrigðaríkan og innblásinn söng; „Rödd hans var dásamleg“, sagði gagnrýnandi Fréttablaðsins fyrir skemmstu, „í senn breið og voldug.“

Norðmaðurinn Geir Draugsvoll er einn fremsti harmóníkuleikari heims. Hann hefur um árabíl starfað náið með Sofíu Gubaidulinu, sem hefur samið allnokkur verk

fyrir bajaran, eða rússneska takkaharmóníku. Gubaidulina tileinkaði honum einmitt Fachwerk, sem gagnrýnandi BBC Music Magazine segir vera „töfrandi ljóðræna fantasíu“, og sem hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi. Draugsvoll leikur tvisvar sinnum með Sinfóníuhljómsveit Íslands á þessu starfsári, í bæði skiptin hrífandi tónsmíðar Gubaidulinu sem einmitt fagnar níðræðisafmæli sínu í október 2021.

Tónleikarnir eru tileinkaðir Vladimir Ashkenazy í þakklætis- skyni fyrir áratuga starf hans í þágu tónlistarlífs á Íslandi.

**Eitt frægasta verk tónlistarsögunnar
ásamt frumlegri nýsmíði Gubaidulinu.**





25|09

LAUGARDAGUR
KL. 14.00

Ævintýrleg tónlist um undur jarðar, eftir m.a.
John Williams, Richard Strauss,
W.A. Mozart, Ferde Grofé og Jón Leifs.



LITLI TÓNSPROTINN

Undur jarðar með Stjörnu-Sævari

Noam Aviel
hljómsveitarstjóri
Sævar Helgi Bragason
kynnir

Á fyrstu Tónsprotatónleikum vetrarins verður haldið í magnað ferðalag þar sem undur veraldar eru meginstefið í tali, tónum og myndum. Stjörnu-Sævar stýrir þessum leiðangri þar sem töfrar jarðar og alheimsins fá nýja vídd í stórbrotnum og litríkum tónverkum. Við förum aftur í tímann þegar jörðin varð til, skoðum eld og ís, höf og eyðimerkur, veðrið, lífið sjálft og hvernig við tengjumst þessu öllu.

Sævar Helgi er landspektur fyrir þekkingu sína og ástríðu og er allt í senn, jarðfræðingur og kennari, dagskrárgerðarmaður og rithöfundur. Með óbilandi eldmóð í farteskinu munu fjallstindar, úthöf, eldgos og önnur náttúruþyrifir birtast tónleikagestum ljóslifandi á þessum stórbrotu tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Eldborg.

Heillandi dagskrá um töfra jarðarinnar og hvernig þeir birtast í tónlist.



26|09

SUNNUDAGUR
KL. 17.00

Jean Sibelius
Sinfónía nr. 2



Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Ungsveit Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands

Ungsveitin spilar Sibelius

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands er einn af mættarstólpunum í hljómsveitarstarfi ungs tónlistarfólks á Íslandi. Sveitin hélt sína fyrstu tónleika haustið 2009 og síðan hafa tæplega hundrað ungmenni safnast saman undir merkjum Ungsveitarinnar ár hvert, með undraverðum árangri. Ungsveit SÍ var valin Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2017 og hélt síðast upp á 10 ára afmæli sitt með flutningi á Níundu sífóníu Beethovens.

Í ár er viðfangsefni Ungsveitarinnar sífónía nr. 2 eftir Jean Sibelius. Þetta er eitt glæsilegasta hljómsveitarverk finnska meistarans, fullt af tilprifamiklum stefnum sem vaxa að glæsilegum hápunkti lokabáttarins. Á tónsprotanum heldur Eva Ollikainen, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar, en hún gjörþekkir tónlist Sibeliusar og stjórnar nú Ungsveitinni í fyrsta sinn.

Tónlistarfólk framtíðarinnar stígur á svið í magnaðri sífóníu Sibeliusar.



30|09

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Sellókonsert Dvořáks



„Maður hálfðansaði út úr Hörpunni á eftir“ sagði rýnir Fréttablaðsins eftir tónleika Peters Oundjian og Sinfóníuhljómsveitarinnar í Toronto í Reykjavík 2014 og bætti við að þeir hefðu verið „með flottustu klassísku tónleikum ársins“. Oundjian lék um árabíl með Tókýó-strengjakvartettinum heimskunna og var lengi aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Toronto. Hann kemur nú til Íslands í þriðja sinn og er hægt að lofa innblásnum flutningi þegar hann á í hlut.

Danski sellóleikarinn Jonathan Swensen hefur undanfarin ár sópað að sér verðlaunum í alþjóðlegum keppnum og hlaut einnig Leonie Sonning-verðlaunin í heimalandi sínu fyrir framúrskarandi leik. Hann leikur sellókonsert Dvořáks sem er eitt dádasta verk sinnar tegundar, í senn flugeldasýning og hjartnæmur söngur sem tjáir sorg og söknuð.

Á tónleikunum hljómar einnig glæsilegur Konsert fyrir hljómsveit sem Joan Tower samdi árið 1991 að beiðni þriggja bandarískra sinfóníuhljómsveita, í New York, Chicago og St. Louis. Tower hefur unnið til Grammy-verðlauna fyrir tónlist sína og var fyrsta konan til að hljóta

Halldór Smáráson
infinite image

Antonín Dvořák
Sellókonsert

Joan Tower
Konsert fyrir hljómsveit



Peter Oundjian
hljómsveitarstjóri

Jonathan Swensen
einleikari

hin virtu Grawemeyer-tónskáldaverðlaun. Um konsert hennar fyrir hljómsveit sagði gagnrýnandi New York-tímaritsins að hann væri „litríkt og innblásið verk sem mun án efa teljast í flokki hinna bestu sem hún hefur samið“.

Á tónleikunum verður frumflutt nýtt verk eftir Halldór Smáráson, ísfirskt tónskáld sem hefur vakið mikla eftirtekt á undanförunum árum fyrir hæfileika sína og fjölbærni. Verkið infinite image er samið undir áhrifum frá ljóðinu Þoka eftir Sigurð Pálsson, sem er einstaklega myndrænt og litríkt. Líkt og ljóðið hverfist tónverkið í kringum mörkin milli hins sjáanlega og ósjáanlega, hins heyranlega og óheyranlega.

**Tilprifamikill sellókonsert og
bandarískt verðlaunaverk.**

06|10

MIÐVIKUDAGUR
KL.20:00

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:30

Strauss og Shostakovitsj

Stefán Jón Bernharðsson er einn fremsti hljóðfæraleikari Íslands. Ásamt því að leiða horndeild Sinfóníuhljómsveitarinnar leikur hann reglulega með sveitum á borð við Mahler-kammersveitina og Fílharmóníusveit Stokkhólms. Hér leikur hann fyrri hornkonsert Richards Strauss, sem hann samdi aðeins átján ára gamall og færði föður sínum í afmælisgjöf, en Franz Strauss var afburða hornleikari og starfaði við óperuhljómsveitina í München.

Ásta Dóra Finnsdóttir er aðeins fjórtán ára gömul en hefur um árabil verið í hópi efnilegustu píanóleikara Íslands. Hún komst í heimsfréttirnar níu ára þegar myndband þar sem hún lék Mozart á almenningsspíanó í Lundúnum komst á flug í netheiminum og milljónir manna horfðu á það um allan heim. Hljóðritun hennar á Corelli-tilbrigðum Rakhmanínovs, sem flutt var á Rás 1 Ríkisútvarpsins á nýársdag, vakti verðskuldaða athygli. Nú þreytir Ásta Dóra frumraun sína með Sinfóníuhljómsveit Íslands og flytur hinn bráðskemmtilega píanókonsert nr. 2 eftir Shostakovitsj, sem er fullur af æskufjöri enda samdi tónskáldið verkið fyrir ungan son sinn.

Richard Strauss
Hornkonsert nr. 1

Dmítríj Shostakovitsj
Píanókonsert nr. 2

Richard Strauss
Don Juan



Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Stefán Jón Bernharðsson
einleikari

Ásta Dóra Finnsdóttir
einleikari

Halla Oddný Magnúsdóttir
kynnir

Tónleikunum lýkur með öðru meistaraverki eftir Strauss, tónaljóðinu Don Juan sem byggt er á sögninni frægu um kvennabósann sem svífst einskis þegar lífsins nautnir eru annars vegar. Tónsmíðin er ein sú glæsilegasta sem Strauss lét frá sér fara. Töfrandi hljómsveitarútsetning og eftirminnileg stef eru meðal þess sem hefur gert Don Juan að eftirlætisverki tónleikagesta í meira en 130 ár.

Tónleikunum er einnig sjónvarpað beint á RÚV og eru þeir um klukkustundarlangir án hlés.



Stigið inn í sviðsljósið

Stefán Jón Bernharðsson og Þórunn Ósk Marínósdóttir leika bæði einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands á starfsárinu



Í hverri sinfóníuhljómsveit starfa hátt í hundrað manns sem hver og einn á að baki langt og strangt nám í sinni grein. Hver leggur sitt af mörkum til heildarinnar en er um leið fær um að stíga inn í sviðsljósið sem einleikari þegar færi gefst. Haustið 2021 leika tveir leiðarar úr hljómsveitinni, Þórunn Ósk Marínósdóttir víóluleikari og Stefán Jón Bernharðsson hornleikari, einleikskonserta á tónleikum í grænni áskriftarröð. Þórunn leikur *Lachrymae* eftir Benjamin Britten en Stefán Jón flytur hornkonsert nr. 1 eftir Richard Strauss. Það má segja að hljóðfærin hafi verið viðkomandi tónskáldum handgengin, því að Britten var sjálfur víóluleikari en faðir Strauss var einn fremsti hornleikari Þýskalands á sinni tíð.

Skyldu þetta vera verk sem hafa lifað lengi með þeim? „Já, mjög lengi,“ segir Stefán Jón. „Þetta var einmitt fyrsti konsertinn sem ég spilaði í heild með hljómsveitinni, það var á einleikaraprófinu mínu frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1998. Þessi konsert er eitt af lykilverkum hornbókmenntanna, það eru konsertarnir fjórir eftir Mozart og svo fyrri Strauss-konsertinn sem eru eins konar hornsteinar. Það er óhjákvæmilegt að maður kynnist þessu verki í sínu námi sem hornleikari.“

Þórunn Ósk á líka löng kynni af verki Brittens. „Þetta verk er búið að lifa lengi með mér, enda er þetta ein af perlunum meðal konsertverka fyrir víólu. Við eigum ekki eins stóran og ríkan sjóð og fiðluleikarar eða sellóleikarar! Ég hef spilað þetta nokkrum sinnum áður með píanói en ekki með strengjasveit, það er virkilega gaman að fá tækifæri til þess. Britten samdi verkið árið 1950 þegar hann var í

miðjum óperusmiðum, þá hitti hann víóluleikarann William Primrose og ákvað að semja þetta verk fyrir hann. Þetta eru eins konar tilbrigði við stef úr lagi eftir endurreisnartónskáldið John Dowland. Það er bæði ástríða og dramatík í þessari tónlist, en hann sækir líka innblástur í endurreisnina, ekki bara laglínuna sjálfa heldur alls konar hljóma og andblæ. Svo er uppbygging verksins fremur óvenjuleg af því að víólan leikur tilbrigðin fyrst en stefið hljómar ekki fyrr en í blálökin,“ segir Þórunn.

Hvernig tilfinning skyldi það vera fyrir hljómsveitarmeðlimi sem eiga sitt fasta sæti á sviðinu, að stíga allt í einu fremst á sviðið og taka að sér hlutverk einleikarans?

Stefán Jón segir að það sé svolítið öðruvísi tilfinning en hann sé vanur. „Maður venst því að sitja á sínum stað í hljómsveitinni á hverjum degi, en sem sólisti þarf maður að setja sig í svolítið annan gír, sem er auðvitað bara skemmtilegt. Ekki síst að gera það með sinni eigin hljómsveit og kollegum sínum, þar sem maður finnur velvilja.“ Þórunn tekur undir þetta með velviljann: „Já, það myndast alveg sérstök stemning í hljómsveitinni þegar einleikarar úr okkar röðum koma fram. Ég finn það líka þegar ég er sjálf að spila í víóludeildinni að þegar einhver annar úr hljómsveitinni stígur fram sem einleikari þá styður maður viðkomandi 100% og gleðst með þeim yfir tækifærinu.“

Á hverju ári leika einhverjir meðlimir Sinfóníuhljómsveitar Íslands einleik með hljómsveitinni en starfsárið 2020-21 voru það margfalt fleiri en í venjulegu ári. Haustið 2020 varð smám saman ljóst að þeir erlendu einleikarar sem búið var að ráða til að leika með hljómsveitinni gætu ekki komið til landsins vegna ferðatakmarkana, og þá var brugðið á það ráð að óska eftir tillögum frá meðlimum hljómsveitarinnar um konserta sem mögulega væri hægt að flytja. Þórunn Ósk nefnir sérstaklega að áhugi hljóðfæraleikaranna hafi verið mikill. „Mér fannst það frábært framtak hjá

Sinfóníuhljómsveitinni að auglýsa eftir einleikurum á COVID-tímanum, en ég var líka mjög ánægð með hversu margir buðu sig fram – fleiri en hægt var að koma fyrir á þeim tónleikum sem hægt var að halda. Það er frábært að við séum með þannig sinfóníuhljómsveit að fólk treysti sér til að troða svona upp, og það er alls ekkert sjálfgefið. Það er svo allt öðruvísi að vera einleikari, maður þarf að setja sig í nýjar stellingar og meira að segja beita sér öðruvísi.“ Stefán tekur undir þetta og bætir við: „Svo fylgir líka allt annað hugarfar hlutverki einleikarans. Hornin eru til dæmis oft í bakgrunninum, veita stuðning og þá þarf maður að halda sig til baka, en einleikarinn þarf alltaf að láta í sér heyra, svo það er annað hugarfar og önnur nálgun.“

Bæði Þórunn Ósk og Stefán Jón spila á tónleikum í grænni áskriftaröð sem verða í beinni sjónvarpsútsendingu á RÚV. Þau eru bæði á því að best sé að velta því ekki of mikið fyrir sér að tónleikunum verði sjónvarpað beint.

„Maður getur ekkert hugsað um það,“ segir Þórunn. „En auðvitað er það heiður að fá að taka þátt í þessu. Ég hugsa aðallega til dæmis um mömmu og pabba, þau búa fyrir norðan og þetta er dýrmætt tækifæri fyrir fólk á landsbyggðinni til að bæði sjá hljómsveitina og heyra.“ „Maður lítur bara á þetta sem tækifæri og reynir að njóta þess,“ bætir Stefán við. „Maður þarf nefnilega að halda í þessa barnslegu eftirvæntingu yfir því að spila tónleika, jafnvel þegar maður er orðinn rúttíneraður í faginu!“

”
Maður venst því að sitja á sínum stað í hljómsveitinni á hverjum degi, en sem sólisti þarf maður að setja sig í svolítið annan gír, sem er auðvitað bara skemmtilegt. Ekki síst að gera það með sinni eigin hljómsveit og kollegum sínum, þar sem maður finnur velvilja.



14|10FIMMTUDAGUR
KL.19:30TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Tsjajkovskíj og Prokofíev

Bezhod Abduraimov, píanóleikarinn snjalli frá Úsbekistan, kemur nú til landsins í þriðja sinn. Frumraun hans með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2015 var töfrum líkust, „svo gríðarleg var fingrafimin að áhugamenn um slaghörpulöftfímleika, agndofa á sætisbríkum, máttu fara sáttir í háttinn“, sagði tónleikarýnir Morgunblaðsins. Það er svo sannarlega nóg um löftfímleika í píanókonsertri Prokofíevs nr. 2, sem er ein hans kraftmesta og glæsilegasta tónsmíð. Einnig hljómar forleikur Tsjajkovskíjs innblásinn af sögunni um Rómeó og Júlíu, eitt dádasta verk rússneskrar rómantíkur í tónlist.

Hin þýska Emilie Mayer er eitt hinna mörgu kventónskálda sögunnar sem gleymdist nær algjörlega svo áratugum skipti. Undanfarið hefur hún hlotið þann sess sem hún verðskuldar og verk hennar hljóma æ oftari um allan heim. Mayer samdi meðal annars átta sinfóníur, þrátt fyrir að almenn skoðun í karllægum tónlistarheimi 19. aldar væri sú að konur gætu ekki valdið svo stórum tónlistarformum. Sinfónían sem hér hljómar sýnir svo ekki verður um villst að Mayer gat samið allt eins vel og karlarnir. Hún er dramatísk og glæsileg, minnir á Schumann og Mendelssohn en hefur samt sinn eigin, áhugaverða tón.

Anja Bihlmaier er aðalstjórnandi Residentie-hljómsveitarinnar í Den Haag og aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir túlkun sína á óperum og sinfónískri tónlist, og hefur einstakt lag á að glæða gleymd tónverk nýju lífi.

**Einn fremsti píanóleikari heims flytur
kraftmikinn konsert Prokofíevs.**

Pjotr Tsjajkovskíj
Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur

Sergej Prokofíev
Píanókonsert nr. 2

Emilie Mayer
Sinfónía nr. 7



Anja Bihlmaier
hljómsveitarstjóri

Bezhod Abduraimov
einleikari



AIÖN

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS & ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN

AIÖN er innblásið af abstrakt hugsun um tímann og ferðalag milli vídda. Í þessu nýja verki bjóða Erna Ómarsdóttir danshöfundur og Anna Þorvaldsdóttir tónskáld áhorfendum upp á töfrandi heim þar sem tónlist og dans mætast á óvanalegan hátt og dansarar Íslenska dansflokksins og hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar renna saman í eitt.

Anna og Erna eru báðar áhrifavaldar á heimsvísu, hvor í sinni listgrein. Anna Þorvaldsdóttir er staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hafa verk hennar verið flutt af fremstu hljómsveitum heims, meðal annars Fílharmóníusveitunum í Berlín, New York og Los Angeles.

Erna Ómarsdóttir er listdansstjóri Íslenska dansflokksins og hefur hún hlotið fjölda verðlauna fyrir verk sín sem sýnd hafa verið á helstu listahátíðum og leikhúsum í Evrópu og víðar.

AIÖN er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar, en verkið var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar og Íslenska dansflokki í maí 2019 í Tónlistarhúsinu í Gautaborg. Flutningurinn hlaut frábærar viðtökur gagnrýnenda jafnt sem tónleikagesta. Gagnrýnandi Dagens Nyheter lýsti flutningnum sem „eins konar náttúruafli“ og Die Presse í Þýskalandi sagði verkið „sönnun þess hve tónlist og hreyfing eiga vel saman. Tónlistin og dansararnir verða sem ein heild.“

Ekki missa af einstökum viðburði fyrir alla þá sem hafa áhuga á spennandi nýsköpun í tónlist og dansi á Íslandi.

Anna-Maria Helsing
hljómsveitarstjóri

Agnieszka Baranowska
búningahönnuður

Ásgeir Helgi Magnússon
Charmene Pang

Elín Signý W. Ragnarsdóttir
Erna Gunnarsdóttir

Félix Urbina Alexandre
Shota Inoue

Sigurður Andrean Sigurgeirsson
Una Björg Bjarnadóttir
dansarar

Pierre-Alain Giraud
Valdimar Jóhannsson
vídeóverk

Áhrifamikið dans- og tónlistarverk
Önnu Þorvaldsdóttur og Ernu Ómarsdóttur
flutt í fyrsta sinn á Íslandi.



28|10

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Jess Gillam og Prokofíev

Doreen Carwithen
Bishop Rock

Claude Debussy
Rapsódía fyrir hljómsveit og saxófón

Alexander Glazúnov
Saxófónkonsert

Sergej Prokofíev
Sinfónía nr. 5



Ryan Bancroft
hljómsveitarstjóri

Jess Gillam
einleikari



Breski saxófónleikarinn Jess Gillam hefur vakið fádæma hrifningu tónlistarunnenda undanfarin ár. „Hún breiðir út gleði hvar sem hún fer“ sagði The Times um leik hennar, en Gillam kom meðal annars fram á hinum frægu Last Night of the Proms-tónleikum árið 2018 og diskar hennar hafa náð metsölu. Á tónleikunum flytur hún rapsódíu Debussys fyrir saxófón en einnig síðrómantískan konsert Glazúnovs, rússneska tónskáldsins sem í dag er helst kunnur fyrir að hafa kennt Shostakovitsj tónsmíðar.

Ryan Bancroft stal senunni í Malko-hljómsveitarstjórakeppninni árið 2018, þar sem bæði fyrstu verðlaun og áheyrendaverðlaun féllu honum í skaut. Bancroft er aðalstjórnandi Þjóðarhljómsveitar BBC í Wales, og tónleikarýnir The Guardian sagði nýverið að sem stjórnandi hafi hann „bæði kraft og þokka“ og að túlkun hans hafi verið „ótrúlega áhrifarík og fögur“.

Doreen Carwithen var afkastamikið breskt tónskáld um miðja 20. öld, samdi tónlist við um 30 kvikmyndir auk hljómsveitarverka og kammertónlistar. Verk hennar lágu um skeið í gleysku en hafa undanfarin ár hlotið verðskuldaða athygli á ný. Tónleikarnir hefjast á kraftmiklum forleik sem innblásinn er af „Biskupskletti“, einmana skeri við suðurodda Cornwall á Englandi þar sem ekki er pláss fyrir nema einn vita sem lýsir sæfarendum leið.

**Breskur saxófónsnillingur
leikur á Íslandi í fyrsta sinn.**

03|11

MIÐVIKUDAGUR
KL.20:00

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:30

Töfrar fortíðar

Tónlist fortíðar getur orðið samtímanum innblástur með ýmsu móti. Nálgun tónskálda á 20. og 21. öld spannar allt frá háttvísun umritunum yfir í djarfa endursköpun – eða jafnvel kaldhæðna afbyggingu þar sem hriktir í gömlum stoðum.

Á þessum tónleikum verða leikin meistaraverk sem á einn eða annan hátt taka eldri tónlist sem útgangspunkt. Benjamin Britten samdi víóluverkið *Lachrymae* árið 1950 út frá sönglagi eftir John Dowland frá árinu 1597, og kallaði verk sitt „hugleiðingu“ um eldra lagið. Þórunn Ósk Marinósdóttir leikur einleikshlutverkið, en hún leiðir víóludeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er meðlimur Strokkvartettsins Sigga sem hefur vakið verðskuldaða athygli á undanförunum árum.

Thomas Adès samdi þrjár æfingar eftir Couperin árið 2006 og byggir á þremur hljómborðspáttum eftir franska barokktónskáldið François Couperin. Einn gagnrýnandi lýsti útkomunni þannig að það sé sem Adès líti á tónlistina gegnum kviksjá, þar sem brot úr upprunalegu verkunum veltast um eins og glitrandi glerbrot. Þetta er tilvalin upphitun fyrir Íslandsheimsókn Adèsar, en hann er væntanlegur hingað til lands í nóvember og stjórnar þá píanókonserti sínum í túlkun Víkings Heiðars.

John Dowland
If My Complaints Could Passions Move

Benjamin Britten
Lachrymae

Thomas Adès
Three Studies from Couperin

Maurice Ravel
La Valse



Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Þórunn Ósk Marinósdóttir
einleikari

Halla Oddný Magnúsdóttir
kynnir

La valse eftir Maurice Ravel er eitt hans dádasta hljómsveitarverk og ekki að ósekju. Í þessu magnaða verki líða hjá brot úr ljúfum Vínarvölsum en líka ágengari hendingar sem skapa aukna spennu með hverjum takti sem líður. Sumir heyra í La valse uppgjör Ravels við hið volduga austurríska keisaradæmi eftir hörmungar heimsstyrjaldarinnar fyrri, því að valstaktarnir verða í meðförum Ravels að eins konar skrumskælingu. Hvað sem því líður er tónverkið stórkostlegt og flutningur þess undir stjórn Evu Ollikainen er sannkallað tilhlökkunarefni.

Tónleikunum er einnig sjónvarpað beint á RÚV og eru þeir um klukkustundarlangir án hlés.

Heillandi umbreytingar á
gamalli tónlist eftir tónskáld
20. og 21. aldar.



05|11

FÖSTUDAGUR
KL. 18 & 20

Högni Egilsson
Ný verk

FÖSTUDAGSRÖÐIN Í NORÐURLJÓSUM

Högni og Sinfóníu- hljómsveit Íslands

Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri

Högni Egilsson hefur um langt árabíl verið meðal kunnustu tónlistarmanna landsins og hefur náð athygli langt út fyrir landsteinana með tónlist sinni og starfi með tónlistarhópnum Hjaltalín. Hann hefur einnig samið viðamikla tónlist fyrir þáttaröðina Katla á Netflix, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands tók þátt í að flytja.

Högni á að baki langt nám í klassískri tónlist. Hann stundaði fiðlunám í æsku, söng með Hamrahlíðarkórnum um árabíl og lauk tónsmíðanámi við Listaháskóla Íslands. Á þessum tónleikum hljómar ný sinfónísk tónlist eftir þennan virta og vinsæla tónlistarmann og er þetta í fyrsta sinn sem Högni semur sérstaklega fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Tónleikarnir eru hluti af dagskrá tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves.

ICELAND
AIRWAVES

Frumleg og
áhugaverð sinfónísk
tónlist Högna Egilssonar.



11|11FIMMTUDAGUR
KL.19:30TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Eva stjórnar Strauss

Richard Strauss var eitt merkasta tónskáld síðrómantíkur. Starfsárið 2021–22 verður tónlist hans áberandi á efnisskrám Sinfóníuhljómsveitarinnar og mun Eva Ollikainen stjórna alls sjö verkum hans á áskriftartónleikum. Á þessum tónleikum hljóma þrjú þeirra, afar ólíkir ópusar sem spanna meira en hálfa öld. Tónaljóðið sem Strauss samdi um hrekkjalóminn Ugluspegil framkallar bros við hverja hlustun, en í svítu úr óperunni Rósarriddaranum hljóma innilegir ástarsöngvar í bland við lífflega Vínarvalsa.

Finnska sópransöngkonan Camilla Nylund er ein sú fremsta á sínu sviði á heimsvísu. Hún hefur sungið við öll helstu óperuhús heims og gagnrýnendur eru á einu máli um að raddfegurð hennar og túlkun séu engu lík. „Hreinasta opinberun,“ sagði einn þýskur gagnrýnandi og annar dásamaði hina „gullnu rödd“ hennar. Á Íslandi syngur Nylund Fjóra síðustu söngva, verk sem Strauss lauk við undir lok ævinnar, rúinn trausti eftir hremmingar heimsstýrjaldarinnar síðari. Þetta er einhver fegursta kveðja til jarðlífsins sem nokkru sinni hefur verið fest á blað.

Daníel Bjarnason samdi nýjasta hljómsveitarverk sitt fyrir aldarafmæli Fílharmoníusveitarinnar í Los Angeles og var það frumflutt þar við mikinn fögnuð í nóvember 2019.

Daníel sækir innblástur í geimferðir sjöunda áratugarins og þá sýn sem blasir við þeim sem skoða jarðarkringluna utan úr geimnum. Verkið er ætlað þremur stjórnendum og við frumflutninginn héldu um taumana núverandi og fyrrverandi aðalstjórnendur sveitarinnar í Los Angeles, þeir Gustavo Dudamel, Esa-Pekka Salonen og Zubin Mehta. Í Eldborg mundar Eva Ollikainen tónsprotann ásamt tónskáldinu sjálfu og Kornilios Michailidis.

**Hrífandi sönglög Strauss í túlkun
einnar fremstu sópransöngkonu
Norðurlanda.**

Daníel Bjarnason
From Space I Saw Earth

Richard Strauss
Till Eulenspiegel

Richard Strauss
Der Rosenkavalier, svíta

Richard Strauss
Fjórir síðustu söngvar



Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Camilla Nylund
einsöngvari

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri



Í leit að kjarnanum

**Víkingur Heiðar Ólafsson, staðarlistamaður
Sinfóníuhljómsveitar Íslands, tekinn tali**



Það má með sanni segja að vorið 2021 hafi verið viðburðaríkt hjá Víkingi Heiðari Ólafssyni. Þrátt fyrir að samkomubann og ferðatakmarkanir hafi leikið tónlistarheiminn grátt tókst honum að koma fram á fjölda tónleika, meðal annars með Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, hann hljóðritaði nýja plötu fyrir Deutsche Grammophon og varð faðir í annað sinn. Það er líka margt spennandi í vændum, meðal annars tengt stöðu hans sem staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verkefni hans með hljómsveitinni er sannarlega óvenjulegt og því liggur beint við að spyrja hvernig það hafi komið til?

„Þegar Sinfóníuhljómsveitin kom að máli við mig um staðarlistamannsstöðu vildi ég freista þess að gera eitthvað óvenjulegt,“ segir Víkingur og eftirvæntingin í svipnum leynir sér ekki. Ég stakk upp á að flytja þrjú nýja (eða nýlega) píanókonserta eftir þrjú af mínum eftirlætis núlifandi tónskáldum og að höfundarnir héldu sjálfir um tónsprotann. Ég bað sem sagt ekki um lítið! Ég á langa vináttu og samstarf að baki með Daníel Bjarnasyni en undanfarið hef ég einnig kynnst og spilað með John Adams og Thomasi Adès. Þeir eru auðvitað afskaplega eftirsóttir listamenn og ég var í sannleika sagt ekki of vongóður að það tækist að fá þá til Íslands innan þess tímaramma sem í boði var, en einhvern veginn tókst að láta þetta allt saman ganga upp. Ég verð að hrósa Sinfóníuhljómsveitinni fyrir að taka svona vel í

Þessa hugmynd, og ég held að þetta hljóti að teljast nokkur tíðindi í íslensku tónlistarlífi. Og það er auðvitað sérstakt tilhlökkunarefni að spila glænýjan konsert Daníels sem er pantaður í sameiningu af Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmoníusveitinni í Los Angeles og Útvarpshljómsveitinni í Frankfurt.“

Samstarf Víkings við bandaríska tónskáldið John Adams er tiltölulega nýtilkomið en píanókonsert þess síðarnefnda, *Must the Devil Have All the Good Tunes?*, var frumfluttur árið 2019. „Síðustu tónleikarnir sem ég spilaði áður en COVID skall á voru einmitt með Adams í París og Amsterdam að flytja þennan konsert sem við munum spila á Íslandi,“ segir Víkingur. „Þetta voru í raun fyrstu tónleikar okkar saman, en svo þurftum við að aflýsa tónleikum í Cleveland og Róm vegna heimsfaraldursins. Með Adès spilaði ég píanókonsert Beethovens nr. 2 með Fílharmoníusveitinni í Los Angeles árið 2018, hann hélt þá um tónsprotann. Það var ótrúlega frjótt og skemmtilegt. En konsert hans, *In Seven Days*, sem mér finnst vera eitt albesta tónverk 21. aldarinnar, höfum við aldrei flutt saman. Í framhaldi af tónleikunum á Íslandi munum við flytja verkið með Fílharmoníusveitinni í Lundúnum seinna á starfsárinu. Það eru ótrúleg forréttindi fyrir mig að vinna með þessum mönnum sem eru meðal mestu tónskálda samtímans. Það er í raun svolítið eins og að vinna með Prokofiev eða Ravel hefði ég verið uppi fyrir 100 árum síðan!“

Nú hafa flestir flytjendur sem setja markið hátt í listinni einhverja reynslu af því að starfa með samtímatónskáldum að flutningi nýrrar tónlistar. Víkingur Heiðar er þar sannarlega ekki undanskilinn. En skyldi ekki vera töluvert öðruvísi að hafa tónskáldið beinlínis með sér á sviðinu sem hljómsveitarstjóra?

Víkingur segir að sér finnist lykillinn vera í því fölginn að leyfa tónlistinni að streyma frjálst fram. „Að óttast ekki tónskáldið og að hika ekki við að túlka verkið öðruvísi en hefur áður verið gert. Enda vita flestir tónlistarmenn að tónlistin er stærri en einstaklingurinn, að túlkunarleiðirnar, þegar um meistaraverk er að ræða, eru nær óendanlegar. Þegar ég spilaði Adams-konsertinn með Adams sem stjórnanda fann ég sterkt fyrir þessari frumsköpun. Alltaf þegar ég hef spilað konsertinn *Processions* með Daniel, sem er orðið ansi oft, finnst mér við svolítið vera að endurskapa verkið frá grunni þó nóturnar séu þær sömu. Allir sem hafa prófað að semja tónlist vita hversu ómöguleg og merkingarlítill túlkunarmerki eins og mezzopiano

eða crescendo eru í raun. Maður þarf alltaf að komast handan þeirra að kjarnanum sem bjó að baki þeim. Þá opnast margir möguleikar,“ segir Víkingur.

Hugmyndina að þessu nýstárlega verkefni staðarlistamanns má kannski einmitt rekja til þess þegar Víkingur frumflutti píanókonsertinn *Processions* eftir Daníel Bjarnason með Sinfóníuhljómsveitinni á Myrkum músíkdögum árið 2009. Hvernig skyldi það samstarf hafa þróast síðan þá?

„Daniel er einn af mínum bestu vinum og ég ber takmarkalausa virðingu fyrir honum,“ segir Víkingur. „Hann er einstakt tónskáld, kjarkaður og ljóðrænn, og svo er hann líka finni píanisti og auðvitað frábær hljómsveitarstjóri sem skilur eiginleika hljómsveitarinnar á afar djúpan hátt. Mér finnst það skína í gegnum konsertinn *Processions* að hann er á heimavelli í píanókonsertforminu, píanistinn sem aðalsöguhetjan og svo þessi einstöku litbrigði og ímyndunarafl í því hvernig hann nálgast hljómsveitina. Við höfum rætt um þristinn, þ.e.a.s. píanókonsert nr. 3, í meira en tíu ár og nú er hann loksins að verða að veruleika. Mér þykir mjög vænt um að vera treyst fyrir honum.“

En hvað skyldi fleira vera framundan hjá hinum nýja staðarlistamanni Sinfóníuhljómsveitarinnar? „Næsti vetur er sannarlega þétt skipaður,“ segir Víkingur. „Ég gef út nýja plötu helgaða Mozart í haust og verð staðarlistamaður hjá Útvarpshljómsveitinni í Frankfurt og í Southbank Centre í London. Svo kem ég fram í fyrsta sinn á BBC Proms með Philharmonia-hljómsveitinni 14. ágúst, fer í tónleikaferð um Asíu með Fílharmoníusveitinni í Hong Kong og um Evrópu með Camerata Salzburg, spila í Carnegie Hall og kem fram með mörgum frábærum hljómsveitum, meðal annars Tonhalle í Zürich, Fílharmoníusveitinni í Los Angeles, útvarpshljómsveitum Vínarborgar, Finnlands og Svíþjóðar og Fílharmoníusveit Tékklands. Svo eitthvað sé nefnt!“

”

Að óttast ekki tónskáldið og að hika ekki við að túlka verkið öðruvísi en það hefur áður verið gert ... tónlistin er stærri en einstaklingurinn, túlkunarleiðirnar, þegar um meistaraverk er að ræða, eru nær óendanlegar.

18|11

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Víkingur og Adès



Thomas Adès hefur um áratuga skeið verið meðal virtustu tónskálda Bretlands, auk þess að vera afburða hljómsveitarstjóri og píanóleikari. Píanókonsertinn In Seven Days var frumfluttur árið 2008 og er í sjö þáttum sem spegla sjö daga sköpunarsögunnar í Fyrstu Mósebók. Konsertinn hefur hlotið einróma lof og þykir einn fremsti píanókonsert sem saminn hefur verið á 21. öld. Tónlistarrýnir The New York Times sagði verkið „frábært“, og gagnrýnandi San Francisco Chronicle sagði að konsertinn væri „bæði dramatískur og íhugull, eins og hann vilji ná utan um allan heiminn – sem er verðugt takmark þegar sköpunarsagan er annars vegar – en líka dásamlega aðgengilegur“.

Þessir tónleikar eru hinir fyrstu í röð þrenna tónleika með Víkingi Heiðari Ólafssyni, staðarlistamanni Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þar sem hann flytur nýja píanókonserta eftir Thomas Adès, John Adams og Daníel Bjarnason undir stjórn tónskáldanna sjálfra. Þetta er einstakt tækifæri til að heyra það besta í nýjum konsertsmiðum og komast að því hvernig þessu aldagamla formi vegnar á 21. öldinni.

Jean Sibelius
Rakastava (Elskhuginn)

Jean Sibelius
Ofviðrið, svíta nr. 2

Thomas Adès
Dawn

Thomas Adès
In Seven Days, píanókonsert



Thomas Adès
hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

Adès er ákafur aðdáandi Sibeliussar og hefur stjórnað sinfóníum hans og öðrum hljómsveitarverkum víða um heim, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Lundúna. Á Íslandi stjórnar hann svítunni Rakastava (Elskhuginn), ásamt þáttum úr leikhústónlist Sibeliussar við Ofviðri Shakespeares, sem var eitt það síðasta sem hann sendi frá sér áður en hann dró sig í hlé frá tónsmiðum.



Eitt fremsta samtímatónskáld
Bretlands stjórnar eigin tónlist
ásamt Víkingi Heiðari.

19|11FÖSTUDAGUR
KL.20:00**20|11**LAUGARDAGUR
KL.20:00**21|11**SUNNUDAGUR
KL.20:00

Víkingur Heiðar Ólafsson leikur einleiks-
verk eftir **Wolfgang Amadeus Mozart** og
samtímamenn hans, af nýjum geisladiski
sínum hjá Deutsche Grammophon.

Víkingur spilar Mozart

EINLEIKSTÓNLEIKAR

Víkingur Heiðar hefur verið kallaður „óskabarn þjóðarinnar“ í íslenskum fjölmiðlum en á erlendum vettvangi er hann sagður vera „Glenn Gould Íslands“ og „listamaður sem skapar hrífandi landslag í tónum“. Ný einleiksplata hans hjá Deutsche Grammophon er heimsviðburður enda hafa síðustu plötur hans hlotið sæg verðlauna, meðal annars hjá BBC Music Magazine, Opus Klassik og Gramophone.

Víkingur Heiðar er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–22.

Einleikstónleikar Víkings eru ekki haldnir á vegum hljómsveitarinnar og því gilda afsláttarkjör Sinfóníuhljómsveitar Íslands ekki á þá nema í Svörtu röðinni.







25|11FIMMTUDAGUR
KL.19:00**26|11**FÖSTUDAGUR
KL.19:00**27|11**LAUGARDAGUR
KL.14:00

Harry Potter og viskusteinninn™

Á TÓNLEIKUM

Kvikmyndin Harry Potter og viskusteinninn™ kom út árið 2001 og var aðsóknarmesta mynd ársins. Með myndinni öðluðust leikararnir ungu, Daniel Radcliffe og Emma Watson, heimsfrægð og ævintýraveröld hennar varð ljóslifandi á hvíta tjaldinu. Myndin hlaut þrjár tilnefningar til Óskarsverðlauna (ACADEMY AWARDS®) og sjö framhaldsmyndir bættust við á næstu níu árum.

Tónlistin leikur stórt hlutverk í myndunum um Harry Potter™ enda sjálfur John Williams sem samdi hana og hefur hlotið fyrir hana fjölda viðurkenninga. Williams notar leiðsögustef í tónlist sinni, lætur meginpersónur og staði hafa eigin stef sem hafa sterkan blæ, til dæmis erkióvininn Voldemort™, galdraskólan Hogwarts™, vináttustefið, og meginstefið sem kennt er við ugluna Hedwig™.

Tónlistin við þessa frábæru mynd lifnar við í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem leikur við sjálfa myndina.

**Ein dádasta kvikmynd síðari
ára með lifandi tónlistarflutningi
Sinfóníuhljómsveitar Íslands.**

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (s21)

Harry Potter og viskusteinninn**Chris Columbus**

leikstjórn

John Williams

tónlist

**Timothy Henty**
hljómsveitarstjóri

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (s21)

Barokksöngvarinn Benedikt

Benedikt Kristjánsson tenórsöngvari syngur á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar

Benedikt syngur Bach og Händel er yfirskrift aðventutónleika hljómsveitarinnar. Þá flytur einn fremsti flytjandi okkar Íslendinga á sviði barokktónlistar, Benedikt Kristjánsson tenórsöngvari, tvær ariur úr Messíasi eftir Händel, en verkið hefur fylgt Benedikt frá því að hann hóf nám og hefur hann flutt það ótal sinnum á ferli sínum. Önnur ariá eftir Händel, Waft Her, Angels úr óratóriunni Jephtha verður einnig flutt. „En maður fær sjaldnar tækifæri til að flytja hana þar sem verkið er ekki eins oft flutt og Messías,“ segir Benedikt. „Händel samdi þetta verk seint á ævinni og arian er alveg ótrúlega falleg, algjör gimsteinn fyrir tenórsöngvara.“

Benedikt hefur sérhæft sig í flutningi barokktónlistar og er eftirsóttur flytjandi um allan heim. Hann segir barokkformið ólíkt hefðbundnu óperusöngformi, það krefjist annarar nálgunar og öðruvísi hæfni en þegar fengist er við Verdi eða Wagner. „Þetta er í raun gjörólikt hljóðfæri þó að það heiti vissulega líka tenór,“ segir hann.

Mörg barokktónverk eru trúarlegs eðlis og kallast það skemmtilega á við fjölskyldu Benedikts, sem er sonur Margrétar Bóasdóttur söngkonu og söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar, og séra Kristjáns Vals Ingólfssonar. Lá það alltaf fyrir að hann legði fyrir sig flutning kirkjulegrar tónlistar? „Nei, bara alls ekki. Ég hafði sem barn hvorki sérstakan áhuga á söng né á guðfræði. Ég var samt auðvitað tekinn með, svaf á beknum í messunni og las bækur meðan mamma stjórnaði kóræfingum. Ætli þetta hafi ekki bara farið í undirmeðvitundina, því það var ekki fyrr en ég fór í MH og byrjaði í kórnum þar hjá Þorgerði Ingólfssdóttur, sem ég byrjaði virkilega að fá áhuga á klassískri tónlist og söng,“ segir Benedikt.

Benedikt hlaut Opus Klassik-verðlaunin árið 2020 fyrir einstakan flutning á Jóhannesarpassíunni eftir Johann Sebastian Bach, en hana flutti hann í nýstárlegri útgáfu ásamt aðeins orgel- og semballeikara og slagverksleikara í beinni útsendingu frá Tómasarkirkjunni í Leipzig á föstudaginn langa það ár, sem hluta af Bach-hátíðinni þar í borg. Tugþúsundir fylgdust með flutningnum á netinu, en Benedikt og félagar hans fluttu Jóhannesarpassíuna einnig fyrir fullri Hallgrímskirkju fyrr sama ár. Aðspurður um tilurð verkefnisins segir hann hugmyndina hafa orðið til í samtali við Steven Walter, stjórnanda Beethoven-hátíðarinnar í Bonn. „Ég stökk inn í flutning á Matteusarpassíunni í Berlín með fimm klukkustunda fyrirvara og á þeim tónleikum var Walter staddur. Hann kom til mín eftir tónleikana og spurði hvort ég teldi vera hægt að flytja Jóhannesarpassíuna með þessum hætti; einn með sembal og orgeli og svo slagverki. Mér fannst þetta strax geggjuð hugmynd,“ segir Benedikt, sem síðan útfærði hugmyndina og útsetti ásamt hljóðfæraleikurum verksins. „Þannig að þetta var sameiginlegt verkefni sem hlaut strax mikla athygli og það var ótrúlegur fjöldi sem horfði á útsendinguna. Í Bandaríkjunum hlaut flutningurinn líka mjög mikla athygli og við erum á leið í tónleikaferð með Jóhannesarpassíuna um austurströnd Bandaríkjanna og Kanada nú í nóvember.“

Steven Walter hefur ráðið Benedikt sem staðarlistamann við Beethoven-hátíðina í Bonn í vetur, þar sem hann verður með þrenna tónleika þar sem hann fær frjálsar hendur. Skyldi eitthvað af þeim líkjast Jóhannesarpassíu-konseptinu? „Já, eitt þeirra er aðeins skylt þessu, líka tónlist eftir Bach. Svo verð ég með annað verkefni sem hefur eitthvað að gera með Winterreise eftir Schubert, í mjög svo öðruvísi búningi,“ segir Benedikt leyndardómsfullur.

Sem fyrr segir kemur Benedikt fram á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem markar upphaf jólaundirbúnings hljómsveitarinnar. En hvað skyldi Benedikt sjálfur hlusta á um jólin? „Yfirleitt er ég að flytja Jólaóratóriu Bachs nánast stanslaust um jólin, með að minnsta kosti tíu tónleika í nóvember og desember. Þannig að ég hlusta eðli málsins samkvæmt mikið á Jólaóratóriuna, og ég fæ eiginlega aldrei nóg af henni. En svona til mótvægis við hana hlusta ég oft á Nat King Cole og Bing Crosby heima um jólin.“

02|12

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL. 18:00

AÐVENTUTÓNLEIKAR

Benedikt syngur Bach og Händel



Benedikt Kristjánsson tenórsöngvari hefur á undanförunum árum getið sér afar gott orð fyrir flutning sinn á barokktónlist, einkum verkum Bachs og Händels. Hann vakti athygli heimsins í einu veffangi á föstudaginn langa 2020, þegar hann flutti Jóhannespassíu Bachs í beinni útsendingu frá Tómasarkirkjunni í Leipzig í eigin útgáfu fyrir tenórsöngvara og tvo hljóðfæraleikara. Hefðbundnum flutningi verksins um páskahegina hafði þá verið aflýst víða um heim vegna kórónuveirufaraldurs, en í staðinn fylgdust tugþúsundir með afreki Benedikts á netinu og hlaut hann meðal annars Opus Klassik-verðlaunin fyrir frammistöðu sína.

Nú syngur Benedikt í fyrsta sinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands, aríur úr kantötum og óratoríum eftir Händel og Bach. Meðal annars hljóma tvær vinsælar aríur úr Messíasi en einnig hin dásamlega aría Waft Her, Angels, sem er meðal þess fegursta sem Händel samdi. Þá leikur Hljómsveitin þætti úr hinni óviðjafnanlegu Lagartónlist (Water Music), sem Händel samdi Georg I. Bretakonungi til yndisauka þar sem hann sigldi upp Tempsá með fríðu föruneyti eitt ljúft sumarkvöld árið 1717. Tónleikunum lýkur með hinni bráðskemmtilegu sínfóníu nr. 99 eftir Haydn, sem var ein þeirra sem hann samdi fyrir tónleikaröð sína í Lundúnum síðla á ævinni.

Georg Friedrich Händel
Forleikur og aríur úr Messíasi

Georg Friedrich Händel
Lagartónlist, svítur nr. 2 og 3

Georg Friedrich Händel
Waft Her, Angels, úr Jephtha

Johann Sebastian Bach
Aría úr kantötu nr. 198

Joseph Haydn
Sínfónía nr. 99



Dirk Vermeulen
hljómsveitarstjóri

Benedikt Kristjánsson
einsöngvari

Belgíski stjórnandinn Dirk Vermeulen hefur helgað feril sinn flutning tónlistar frá 18. öld og meðal annars stjórnað Hljómsveit 18. aldarinnar auk þess að kenna við Tónlistarháskólann í Brussel. Hann stjórnar nú aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í þriðja sinn en fyrri tónleikar hans á Íslandi vöktu óblandna aðdáun tónleikagesta jafnt sem hljómsveitar.

**Hátíðleg barokktónlist á
aðventu í flutningi eins fremsta
tenórsöngvara Íslands.**

11|12

LAUGARDAGUR
KL.14:00 &
KL.16:00

12|12

SUNNUDAGUR
KL.14:00 &
KL.16:00

LITLI TÓNSPROTINN

Jólatónleikar Sinfóníunnar

Gullfallegir jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands vekja jafnan eftirvæntingu og gleði. Tónleikarnir eru hlaðnir minningarbrotum bernskunnar þar sem ilmur af nýbökuðum piparkökum og greniangan er allsráðandi. Syrpa norrænna jólalaga ásamt sígildum söngperlum og eftirlætislögum hljóma í flutningi valinkunnra söngvara ásamt Stúlnakór Reykjavíkur og táknmálskórnum Litlu sprotunum. Klassískir ballettdansarar dansa við tónlist Tsjaikovskijs og flautukór ásamt gítarhópi og Bjöllumkór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytja hugljúfa hátíðartónlist og hringja inn jólin. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

Sívinsælir jólatónleikar
Sinfóníunnar eru sannkölluð
hátíðarveisla fyrir alla
fjölskylduna.

Hrafnkell Orri Egilsson

Norrænn jólaforleikur

Lag frá 14. öld Sjá himins opnast hlið

Pjotr Tsjaikovskíj

Rússneski dansinn úr Hnotubrjótnum

Ron Miller

Bryan Wells

Yfir fannhvíta jörð

Íslenskt þjóðlag Gilsbakkaþula

Ingibjörg Þorbergs

Hin fyrstu jól

Spænskt lag Á jölunum er gleði og gaman

Pjotr Tsjaikovskíj

Dans snjókornanna

Jón Sigurðsson

Jóhanna G. Erlingsson

Jólin alls staðar

Franz Gruber

Heims um ból



Eva Ollikainen

hljómsveitarstjóri

Arnheiður Eiríksdóttir

Valdimar Guðmundsson

Kolbrún Völkudóttir

einsöngvarar

Dansarar úr Listdansskóla Íslands

Eyrún Helga Aradóttir

táknmálstúlkur

Stúlnakór Reykjavíkur

Bjöllumkór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Flautuhópur úr Skólahljómsveit

Kópavogs og víðar

Gítarhópur úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

Táknmálaskórinn Litlu sprotarnir





06|01FIMMTUDAGUR
KL.19:30**07|01**FÖSTUDAGUR
KL.19:30**08|01**LAUGARDAGUR
KL.16:00 &
KL.19:30

Óperettutónlist, valsar og polkar eftir
Johann Strauss, Franz Lehár, Emmerich Kálmán,
Hans Christian Lumbye, Ellen Sandels og fleiri.



NÝÁRSTÓNLEIKAR

Vínartónleikar

Hinir sívinsælu Vínartónleikar eru sannkölluð nýársveisla og sú glaðværa tónlist sem þar hljómar gefur tóninn fyrir nýtt ár. Í þetta sinn er það Austurríkismaðurinn David Danzmayr sem stjórnar tónleikunum, en hann hefur takt Vínarborgar svo sannarlega í blóðinu. Meðal þess sem hljómar eru valsar og polkar eftir Johann Strauss yngri, meðal annars Keisaravalsinn og Dónárvalsinn, auk forleiksins að Leðurblökunni. Einnig hljómar norræn tónlist innblásin af dönsu Vínarborgar: hið sívinsæla kampavínsgalopp Lumbyes en einnig kampavínsvalsinn Moët & Chandon eftir Ellen Sandels, sem var eitt helsta kventónskáld Svíþjóðar um aldamótin 1900.

Tveir helstu einsöngvarar Íslands af sinni kynslóð koma fram á tónleikunum, auk þess sem dansarar ljá þeim sérstakan hátíðarblæ. Herdís Anna Jónasdóttir vakti stormandi lukku sem Violetta í La traviata í uppfærslu Íslensku óperunnar og hefur einnig fengið frábæra dóma fyrir flutning sinn á nýrri tónlist, til dæmis Kafka-Fragmente eftir Kurtág. Elmar Gilbertsson hefur löngu sungið sig inn í hjarta þjóðarinnar, en hann er um þessar mundir fastráðinn við óperuhúsið í Stuttgart.

Glaðvæð Vínartónlist er fullkominn
upptaktur að nýju ári.

David Danzmayr
hljómsveitarstjóri

Herdís Anna Jónasdóttir
einsöngvari

Elmar Gilbertsson
einsöngvari



13|01
FIMMTUDAGUR
KL.19:30

Ungir einleikarar

Framtíð tónlistarlífs á Íslandi hvílir á herðum þeirra ungu hljóðfæraleikara og söngvara sem um þessar mundir taka sín fyrstu skref á stóra sviðinu. Það er sérstakt tilhlökkunarefni þegar framúrskarandi ungmenni stíga fram sem einleikarar með Sinfóníuhljómsveit Íslands og njóta árangurs þrotlausrar vinnu. Í salnum sitja fjölskylda og vinir sem hafa fylgst með tónlistarnáminu um margra ára skeið og fagnaðarlætin í Eldborg eru aldrei einlægari en á þessum skemmtilegu og spennandi tónleikum.

Einleikarar á tónleikunum eru valdir í samkeppni sem haldin er í samstarfi við Listaháskóla Íslands í nóvember 2021. Efnisskrá verður tilkynnt á heimasíðu Sinfóníuhljómsveitarinnar þegar úrslit liggja fyrir.

Anna-Maria Helsing
hljómsveitarstjóri

Efnisskrá kynnt síðar



20|01

FIMMTUDAGUR
KL. 19.30

TÓNLEIKAKYNNING
KL. 18:00

Shostakovitsj og Barber

„Ein besta fiðlufrumraun áratugarins“, sagði gagnrýnandi BBC Music Magazine nýverið um fyrsta geisladisk Johans Dalene, sænska fiðlusnillingsins sem er aðeins tvítugur að aldri en hefur þegar lagt tónlistarheiminn að fótum sér. Dalene hlaut fyrstu verðlaun í Carl Nielsen-fiðlukeppninni árið 2019, fékk í kjölfarið útgáfusamning hjá BIS og hefur Stradivarius-fiðlu til umráða. Nýjasti diskur hans var valinn ein af útgáfum mánaðarins hjá tímaritinu Gramophone. Hér gefst einstakt tækifæri til að sjá eitt af skærustu ungstirnum fiðluheimsins í dag flytja hinn ljóðræna fiðlukonsert Barbers.

Michael Sanderling er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Luzern en á einnig að baki farsælt samstarf með Filharmóníusveitinni í Dresden. Útgáfa hans hjá Sony Classical á öllum sinfóníum Shostakovitsj hlaut frábæra dóma um allan heim og sópaði að sér verðlaunum. Segja má að Sanderling hafi stjórnandahæfileikana í blóðinu og ekki síður tengslin við Shostakovitsj. Faðir hans, hljómsveitarstjórinn Kurt

Sanderling, var náinn vinur Shostakovitsj og stjórnaði fyrsta flutningi á allmörgum verka hans í Þýskalandi. Það má því búast við sannkölluðu gneistaflugi þegar hin magnþrungna sinfónía nr. 10 hljómar í meðförum Sanderlings með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Kóreska tónskáldið Unsuk Chin hefur um árabil verið í röð fremstu samtímatónskálda á heimsvísu. Hún hlaut hin virtu Léonie Sonning-verðlaun árið 2021, en meðal fyrri verðlaunahafa eru Ígor Stravinskij og Arvo Pärt. Árið 2019 sagði listrýnir The Guardian að sellókonsert Chin væri eitt af allra bestu tónverkum 21. aldarinnar til þessa. Nú leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn verk eftir þessa mögnuðu listakonu, Frontispiece, sem hlaut frábæra dóma við frumflutninginn í Elbphilharmonie í Hamburg árið 2019.

**Einn fremsti fiðluleikari
Norðurlanda og magnþrungin
sinfónía Shostakovitsj.**

Unsuk Chin
Frontispiece

Samuel Barber
Fiðlukonsert

Dmítríj Shostakovitsj
Sinfónía nr. 10



27|01

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Ferð án fyrirheits

Fimm ný og spennandi íslensk hljómsveitarverk hljóma á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á Myrkum músíkdögum.

Áskell Músson hefur um áratuga skeið verið meðal fremstu tónskálda þegar kemur að því að semja fyrir slagverkshljóðfæri. Capriccio er samið fyrir darabuka, sem er bikartromma ættuð frá Tyrklandi og Austurlöndum nær, en Áskell hefur á löngum ferli þróað ákveðna leiktækni á trommuna og bregður sér hér í hlutverk einleikarans. Þess má geta að í verkinu hljómar einnig annað óvenjulegt hljóðfæri, alúfónn, en Sinfóníuhljómsveit Íslands áskotnaðist nýverið slíkt hljóðfæri að gjöf.

Haukur Tómasson er löngu landskunnur fyrir tónsmíðar sínar og verk hans er meðal annars að finna á hljómdiskinum Concurrence sem tilnefndur var til Grammy-verðlauna nýverið. Nýtt hljómsveitarverk hans, It Relaxes Me, the Repetition, sækir innblástur í verk japönsku listakonunnar Yayoi Kusama, sem nýtur mikillar hylli fyrir litrík og þráhyggjukennd verk sín.

Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir var valin bjartasta vonin í hópi sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlauninum 2020 og tónleikhúsverk hennar, Fuglabjargið, fékk frábærar viðtökur í Borgarleikhúsinu nýverið. Nýtt verk hennar, Pons papilloma, er samið að beiðni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og segir hún að það sé „úrvinnsla og kortlagning af áfalli“.

Nýtt hljómsveitarverk frá Sveini Lúðvík Björnssyni sætir tíðindum, en íhugul tónlist hans hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli. Þegar Sinfóníuhljómsveitin flutti klarínnettconsert hans árið 2014 sagði gagnrýnandi Fréttablaðsins að útkoman hafi verið seiðandi og unaðsleg, og að verkið væri „einn allra besta íslenski einleikskonsert sem ég hef hlýtt á“.

Nýtt hljómsveitarverk Kjartans Ólafssonar er tileinkað minningu finnska tónskáldsins Einojuhani Rautavaara. Um tónsprotann heldur finnski hljómsveitarstjórinn og tónskáldið Ville Matvejeff, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Jyväskylä.

Áskell Músson
Capriccio

Haukur Tómasson
It Relaxes Me, the Repetition, frumflutningur

Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir
Pons papilloma, frumflutningur

Kjartan Ólafsson
Mar – Ferð án fyrirheits, frumflutningur

Sveinn Lúðvík Björnsson
Glerhjallar, frumflutningur

Ville Matvejeff
hljómsveitarstjóri

Áskell Músson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Grímur Helgason
Sigrún Eðvaldsdóttir
einleikarar

Ný og spennandi tónlist eftir fjölbreyttan hóp íslenskra tónskálda.



28|01

FÖSTUDAGUR
KL. 12:15

Gunnar Andreas Kristinsson
Flekar

Bára Gísladóttir
VAPE

Ville Matvejeff
hljósveitarstjóri

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Bára og

Gunnar Andreas

HÁDEGISTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

Bára Gísladóttir hefur vakið verulega athygli undanfarin ár fyrir frumlegar tónsmíðar sínar og hefur hlotið fjölda viðurkenninga, meðal annars hlaut hún nýverið þriggja ára tónsmíðastyrk danska ríkisins. Hugmyndin að verkinu VAPE spratt út frá árás sem fimm menn gerðu með taugagasinu sarin í neðanjarðarlestarkefni Tókýó-borgar árið 1995, og er hljósveitinni skipt í fimm hópa. Frá því að verkið var frumflutt árið 2016 hefur það farið víða, var meðal annars flutt á opnunaráttinni hinnar víðfrægu tónlistarhátíðar í Darmstadt í Þýskalandi.

Gunnar Andreas Kristinsson hefur hlotið mikið lof fyrir plötuna Moonbow sem kom út nýverið hjá Sono Luminus-útgáfunni í Bandaríkjunum. Á þessum tónleikum hljómar verkið Flekar, sem tónskáldið segir að sé „samsett úr tónmössum sem mætast eða skarast líkt og jarðflekur, með tilheyrandi núningi og spennumyndun“. Flekar voru samdir að beiðni Gunnsteins Ólafssonar vorið 2019 fyrir Sinfóníuhljósveit unga fólksins en verkið hljómar nú í fyrsta sinn í útgáfu fyrir fullskipaða sinfóníuhljósveit.

Aðgangur er ókeypis.

Hádegistónleikar með nýlegum
íslenskum hljósveitarverkum sem
hljóma nú í fyrsta sinn í flutningi
Sinfóníuhljósveitar Íslands.



12|02

LAUGARDAGUR
KL. 14.00

Wolfgang Amadeus Mozart
Töfraflautan (í styttri gerð)



LITLI TÓNSPROTINN

Ævintýrið um töfraflautuna

Töfraflautan eftir Mozart er ein dádasta ópera sögunnar og sannkallaður ævintýraheimur fyrir unga sem aldna. Prinsinn Tamínó leggur af stað í leiðangur til að bjarga hinnu fögru Pamínu, en smám saman kemur í ljós að móðir hennar, Næturdrottningin, sem sendi hann af stað, er ekki öll þar sem hún er séð. Til aðstoðar hefur prinsinn fuglaveiðara að nafni Papagenó. Sá er lítið fyrir háfleygar hugsanir en kann vel að meta góðan mat og drykk og vill helst af öllu finna sér sálufélaga. Að lokum fella Tamínó og Pamína hugi saman, en þurfa að leysa erfiðar þrautir áður en þau fá að eigast.

Hér er meistaraverk Mozarts flutt í klukkustundarlangri útfærslu fyrir sögumann og fimm einsöngvara, en með hlutverkin fara íslenskir söngvarar af yngri kynslóðinni. Öll hafa þau stundað framhaldsnám erlendis og hlotið frábæra dóma fyrir söng sinn og leik. Sögumaður er Þórunn Arna Kristjánsdóttir sem lýsir framvindunni með kímniáfu að leiðarljósi. Þetta er hugljúf og eftirminnileg ævintýrastund fyrir alla fjölskylduna.

Hugljúf ævintýraópera Mozarts
í barnvænum búningi.

Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri

Þórunn Arna Kristjánsdóttir
sögumaður

Eyrún Unnarsdóttir
Sveinn Dúa Hjörleifsson
Oddur Arnþór Jónsson
Harpa Ósk Björnsdóttir
Bryndís Guðjónsdóttir
einsöngvarar



24|02
FIMMTUDAGUR
KL.18:00

26|02
LAUGARDAGUR
KL.16:00

Richard Wagner Valkyrjan (Die Walküre)



Valkyrjan

Niflungahringur Richards Wagner er án nokkurs vafa ein metnaðarfullsta ópera sem fyrirfinnst í tónlistarsögunni. Fjórar óperur mynda verkið og við smíði sögunnar sótti Wagner innblástur í Eddukvæði, Snorra-Eddu og Völsunga sögu sem hann átti í fórum sínum í þýskri þýðingu. Hann vann að verkinu í um aldarfjórðung og hér fékk gáfa hans bæði sem tónskáld og textahöfundur að njóta sín til fulls.

Efnispráður Valkyrjunnar er sóttur í Völsunga sögu. Fárviðri geisar og Siegmund leitar skjóls í húsi Sieglinde og manns hennar, Hundings. Þau Sieglinde fella hugi saman og valkyrjan Brynhildur, dóttir Óðins, óhlýðnast föður sínum með því að liðsinna Sigmundi þar sem hann heyr einvígi við Hundung. Óðinn refsar henni með því að svipta hana guðdómleikanum, breytir henni í mennska konu sem skal liggja sofandi á bjarginu umvafin vafurlogum og ekki vakna fyrr en mikil hetja fær sigrast á logunum og vakið hana með kossi.

Þessi magnaða ópera er eitt af helstu meistaraverkum tónlistar á 19. öld og Valkyrjureiðin fræga er flestum kunn. Nú hljómar Valkyrjan í fyrsta sinn í heild á Íslandi og er það í fyrsta sinn síðan árið 2002 sem ópera Wagners er sýnd hér í fullri lengd. Sópransöngkonan Iréne Theorin fer með hlutverk Brynhildar, en hún hefur meðal annars sungið hlutverkið við Metropolitan-óperuna. Ólafur Kjartan

Sigurðarson fer með hlutverk Óðins, Kristinn Sigmundsson syngur Hundung og glæsilegur hópur íslenskra söngkvenna fer með hlutverk valkyrjanna.

Hljómsveitinni stjórnar Eva Ollikainen, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en hún hefur meðal annars vakið mikla hrifningu sem óperustjóri við Konunglegu óperuna í Kaupmannahöfn og Semperoper í Dresden.

Mánudaginn 21. febrúar kl. 20 mun Árni Heimir Ingólfsson leiða gesti inn í tónheim Wagners og segja frá íslenskum fyrirmyndum að söguþræði Valkyrjunnar í opnum fyrirlestri í Norðurljósum.

Flutningur verksins tekur fimm klukkustundir og eru tvö hlé meðtalin (45 og 30 mínútur).

Valkyrjan er samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands, íslensku óperunnar og Listahátíðar í Reykjavík.



Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Julia Burbach
leikstjóri

Tal Rosner
vídeóhönnun og útlit

Iréne Theorin
Brünnhilde

Christopher Ventris
Siegmund

Christa Mayer
Fricka

Claire Rutter
Sieglinde

Ólafur Kjartan Sigurðarson
Wotan

Kristinn Sigmundsson
Hunding

Lilja Guðmundsdóttir
Helmwige

Sigrún Pálmadóttir
Gerhilde

Margrét Hrafnadóttir
Ortlinde


Sigríður Ósk Kristjánsdóttir
Waltraute

Agnes Thorsteins
Siegrune

Guja Sandholt
Roßweiße

Hildigunnur Einarsdóttir
Grimgerde

Svanhildur Rósa Pálmadóttir
Schwertleite



02|03

MIÐVIKUDAGUR
KL.20:00

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:30

Víkingur og Daníel

Þegar Víkingur Heiðar Ólafsson frumflutti píanókonsertinn Processions eftir Daníel Bjarnason á Myrkum músíkdögum 2009 var augljóst að ný kynslóð væri í þann mund að setja mark sitt á íslenskt tónlistarlíf og gestir létu hrifningu sína óspart í ljós. „Tónleikagestir svifu út með nýja trú á framtíðina,“ skrifar Guðrún Nordal um þessa tónleika í bók sinni, Skiptidögum. Daníel hefur síðan hlotið margs konar viðurkenningar fyrir list sína og nú er komið að því að hann semji nýjan píanókonsert fyrir Víking Heiðar, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Fílharmóníusveitina í Los Angeles. Verkið verður frumflutt í Frankfurt í febrúar 2022 og það hljómar á Íslandi aðeins örfáum vikum síðar.

Tvö önnur nýleg verk eru á efnisskránni. Lollapalooza er stutt og snaggarleg tónsmíð eftir John Adams sem sjálfur er væntanlegur til Íslands á lokahnykk Víkings-þrennunnar í maí 2022. Verkið er bráðskemmtilegur bræðingur af djassi, klassík og nútímatónlist, og var afmælisgjöf tónskáldsins til Sir Simon Rattle sem hefur stjórnað verkum Adams víða um heim.

John Adams
Lollapalooza

María Huld Markan Sigfúsdóttir
Clockworking

Daníel Bjarnason
Píanókonsert nr. 3



Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

Halla Oddný Magnúsdóttir
kynnir

Clockworking eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur var upphaflega samið fyrir kammerhóp en ný gerð þess fyrir hljómsveit var frumflutt í Fort Worth í Bandaríkjunum árið 2019. Verkið byggir hún á gömlum vinnusöngvum bandarískra fanga, en úr hendingunum mótar hún mörg lítil gangverk sem saman mynda eina heild líkt og stór klukka.

Tónleikunum er einnig sjónvarpað beint á RÚV og eru þeir um klukkustundarlangir án hlés.





Nýr píanókoncert Daníels
Bjarnasonar ásamt nýlegum
verkum frá Íslandi og
Bandaríkjunum.

11|03

FÖSTUDAGUR
KL. 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN Í NORÐURLJÓSUM

Á ferð um sporbaug



Tvö ný og spennandi íslensk hljómsveitarverk hljóma á þessum spennandi tónleikum.

Anna Þorvaldsdóttir er eitt fremsta tónskáld samtímans og verk hennar hafa farið sigurför um heiminn síðustu ár. Nýjasta hljómsveitarverk hennar, CATAMORPHOSIS, var frumflutt á tónleikum Fílharmoníusveitarinnar í Berlín í janúar 2020 en meðal annarra hljómsveita sem komu að pöntun verksins voru Sinfóníuhljómsveit Íslands og Fílharmoníusveitin í New York. Gagnrýnandi The Guardian var stórhrifinn, sagði verkið að sumu leyti minna á tónaljóð Sibelíusar en að það stæði „algjörlega á eigin fótum, og skapar fullkomlega sannfærandi hljóðheim“.

Kjartan Sveinsson var um árabíl hljómborðsleikari í Sigur Rós en hefur undanfarin ár getið sér gott orð sem tónskáld á eigin spýtur. Meðal helstu verka hans má nefna Stríð og Kraftbirtingarhljóm guðdómsins, sem hann skapaði í samstarfi við Ragnar Kjartansson og hafa farið víða um heim. Nú hljómar nýtt hljómsveitarverk Kjartans sem hann semur sérstaklega fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Auk þess verður flutt Sinfónía (fyrir hnetti á sporbaug) eftir hina bandarísku Missy Mazzoli, sem hún samdi árið 2013 fyrir Fílharmoníusveit Los Angeles. Mazzoli var tilnefnd til Grammy-verðlauna árið 2019 og The New York Times hafði um hana þau orð að hún væri „eitt hugmyndaríkasta tónskáld New York-borgar“ um þessar mundir.

Missy Mazzoli
Sinfonia (for Orbiting Spheres)

Kjartan Sveinsson
Nýtt verk

Anna Þorvaldsdóttir
CATAMORPHOSIS

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Spennandi tónleikar með
ferskri nýsköpun frá Íslandi
og Bandaríkjunum.

12|03

LAUGARDAGUR
KL. 11:30

Sumarleg tónlist af ýmsu tagi, m.a.
Vorið eftir Vivaldi, Ó blessuð vertu sumarsól
auk laga úr **Emil í Kattholti** og **Kardemommubænum**.

Pórunn Arna Kristjánsdóttir
kynnir

NORÐURLJÓS

Barnastund Sinfóníunnar

Í Barnastund Sinfóníuhljómsveitarinnar að vori kynnir Pórunn Arna Kristjánsdóttir fallegar vorperlur og klassíska gimsteina. Vorsöngur Idu og lag Kamillu úr Kardemommubænum hljóma á þessari fallegu Barnastund þar sem vorið er boðið velkomið.



Skemmtileg samverustund fyrir
yngstu börnin. Aðgangur ókeypis.

17|03

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Olivier Messiaen
Les Offrandes oubliées

Johannes Brahms
Ein deutsches Requiem



býsk sálumessa



„Sálumessan hefur haft dýpri áhrif á mig en nokkurt annað trúarlegt verk. Ég hef ekki fundið fyrir slíkri gleði lengi.“ Þannig ritaði Clara Schumann í dagbók sína eftir að hafa hlýtt á frumflutning á Þýskri sálumessu eftir Johannes Brahms, sem alla tíð síðan hefur verið talin eitt af öndvegisverkum trúarlegrar tónlistar á 19. öld. Sálumessan markaði tímamót á ferli tónskáldsins en er um margt óvenjuleg. Brahms valdi sjálfur texta úr Biblíunni fremur en að notast við texta hinnar hefðbundnu sálumessu. Blíð og líknandi nálgun hans er gjörólík því sem almennt tíðkaðist í sálumessum í konsertformi. Tónlistin er hrífandi samruni gamalla og nýrra strauma í tónlistinni, og áhrif barokkmeistaranna Bachs og Händels gefa verkinu aukna dýpt.

Auk sálumessunnar hljómar á tónleikunum sjaldheyrt en heillandi æskuverk Oliviers Messiaen frá árinu 1930. Les Offrandes oubliées (Gleymdar fórnargjafir) er áhrifamikil hugleiðing um ást Guðs á mönnunum, en Messiaen var kaþólskur og mörg verka hans einkennast af djúpri trúartjáningu.

Stjórnandi er Bertrand de Billy, aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er fastagestur við flest helstu óperuhús heims og var um árabil aðalstjórnandi Útvarpshljómsveitarinnar í Vínborg.

Bertrand de Billy
hljómsveitarstjóri

Emily Porgorelc
einsöngvari

Jóhann Kristinsson
einsöngvari

Mótettukórinn

Söngsveitin Fílharmónía

Hörður Áskelsson
kórstjóri

Magnús Ragnarsson
kórstjóri

Hrífandi trúartónlist í glæsilegum
flutningi einsöngvara og kóra.

31|03FIMMTUDAGUR
KL. 19.30TÓNLEIKAKYNNING
KL. 18:00

Hetjulíf

Ein Heldenleben eða Hetjulíf eftir Richard Strauss er eitt stórbrotnasta tónverk síðrómantíkur, samið fyrir risavaxna hljómsveit sem telur um hundrað manns. Verkið er eins konar lýsing á lífi tónskáldsins sjálfs, sem skorti sannarlega ekki sjálfstraust. „Ég er allt eins jafn áhugaverður og Napóleón,“ ku hann hafa sagt við franska rithöfundinn Romain Rolland. Í verkinu glímur Strauss við andstæðinga sína en hefur betur að lokum, stendur uppi sem sigurvegari og dregur sig í hlé frá skarkala heimsins.

Stefan Dohr hefur verið kallaður „konungur hornsins“ enda var hann ekki nema 25 ára þegar hann var valinn í stöðu fyrsta hornleikara í Fílharmoníusveit Berlínar. Þar hefur hann starfað frá árinu 1993 og er ekki ofsögum sagt að hann sé goðsögn meðal málmblástursleikara. Auk þess að starfa með einni fremstu hljómsveit heims er Dohr einnig eftirsóttur einleikari. Á Íslandi leikur hann hinn glæsilega hornkonsert nr. 2 eftir Strauss, saminn í Vínarborg árið 1942, eins konar kveðjuóður til gullaldar sem var að líða undir lok.

Tónleikarnir hefjast á verki eftir George Walker, sem var fyrsta svarta tónskáldið til að hljóta hin virtu Pulitzer-verðlaun í tónlist. Kunnasta tónsmíð hans er hið undurfagra Lyric fyrir strengjasveit sem er innileg og tilfinningaþrungin hugleiðing, saminn árið 1946 og tileinkuð ömmu tónskáldsins, sem upplifði sjálf þrældóm í æsku.

Eitt glæsilegasta hljómsveitarverk Richards Strauss ásamt einum fremsta hornleikara heims.

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Stefan Dohr
einleikari

George Walker
Lyric fyrir strengjasveit

Richard Strauss
Hornkonsert nr. 2

Richard Strauss
Ein Heldenleben



Frumkvöðull harmóníunnar

Norski harmóníkuleikarinn Geir Draugsvoll hefur um áratuga skeið verið meðal hinna fremstu í sínu fagi á heimsvísu. Hann hefur leikið á tónleikum víða um heim, bæði einsamall og með virtum hljómsveitum, gefið út plötur auk þess sem hann er prófessor við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Draugsvoll leikur tvo konserta eftir rússneska tónskáldið Sofíu Gubaidulinu með Sinfóníuhljómsveit Íslands á starfsárinu og má segja að um endurkomu sé að ræða því að meira en 30 ár eru liðin síðan Draugsvoll lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói, tuttugu og eins árs gamall – og var þá fyrsti harmóníkuleikarinn til að leika einleik með sveitinni.

Hvernig skyldi það hafa æxlast að piltur úr norskum fjallabæ skyldi verða einn fremsti túlkandi samtímatónlistar á harmóníku í heiminum? „Ég er fæddur og uppalinn í Voss, sem er fjallabær í vestur-Noregi,“ segir Draugsvoll. „Ég var átta ára gamall og hafði þegar gengið í forskóla í tónlist þegar ég fór í fyrsta harmónikutímann. Raunar var mikil harmóníkumening í bænum, þannig að engum þótti skrítið þegar ég bað um að fá að læra á hljóðfærið. Í bekknum mínum voru tíu nemendur og við vorum átta sem æfðum á klassíska harmóníku. Svo það má kannski segja að í Voss hafi maður fyrst þótt skrytinn ef maður spilaði ekki á harmóníku!“, segir Draugsvoll og hlær. „Ég man enn hrifninguna sem hríslaðist um mig þegar ég heyrði fyrst í hljóðfærinu – allir þessir takkar og öll litbrigðin!“

Draugsvoll er ötull flytjandi samtímatónlistar og hefur starfað náið með Sofíu Gubaidulinu í nærri þrjá áratugi. „Það var í Danmörku sem ég hitti Gubaidulinu í fyrsta sinn, árið 1994,“ segir hann. Þar var um áratugaskeið haldin hátíð helguð samtímatónlist sem hét Lerchenborg Musikedage, og þangað var okkur báðum boðið. Við fundum einhvern sameiginlegan tón strax meðan á æfingunum stóð. Ég hreifst mjög af djúpum, skínandi augum hennar og persónutöfrum, og hlustaði gaumgæfilega á það hvernig hún brást við tónlistinni og tjáði hugsanir sínar um hana. Ég held að henni hafi þótt vænt um að ég reyndi að nálgast tónlist hennar á mjög einlægan hátt. Þarna var fræjunum sáð og þau báru svo ávöxt í hinu stóra verki „Fachwerk“ sem hún samdi fyrir mig árið 2009.“

Það verk hefur einmitt orðið miðpunktur í tónlistarferli Draugsvoll og ekki hefur liðið það ár að hann flytji það ekki oft en einu sinni. „Gubaidulina hefur heyrt mig flytja Fachwerk yfir 30 sinnum á tónleikum víða um heim, og það að fá viðbrögð

hennar svo oft hefur auðvitað dýpkað túlkun mína og skilning á verkinu til mikilla muna. Fyrir mig hefur það verið einstakur innblástur að fá að vinna svo náið með einum sterkasta persónuleika samtímatónlistar. Hún hefur einstakan hæfileika til að láta jafnvel skrytnustu hljóð hvers hljóðfæris eiga sinn eðlilega stað í tónlistinni, og getur fundið nýja liti og tjáningu sem maður vissi ekki áður að væru til.“

Geir Draugsvoll hefur nokkrum sinnum áður komið til Íslands til tónleikahalds, í fyrsta sinn árið 1988 þegar hann tók þátt í Tónlistarhátíð ungra norrænna einleikara sem fór fram í Reykjavík. „Ég á afar góðar minningar frá tónleikum mínum á Íslandi, þær spanna meira en 30 ár,“ segir Draugsvoll. „Fyrsta heimsóknin 1988 er mér sérlega minnisstæð. Þarna var ný kynslóð norrænna einleikara að kveða sér hljóðs, meðal annars Leif Ove Andsnes og Áshildur Haraldsdóttir, og við höldum öll einleikstónleika auk þess að spila með Sinfóníunni. Þetta eru allt frábærir tónlistarmenn og það var ótrúlega spennandi að vera í félagsskap þeirra og sýna hvað í mér bjó. En ég á líka aðrar ánægjulegar minningar frá Íslandi, til dæmis af því að flytja með Caput-hópnum verk eftir Þuríði Jónsdóttur. Ég lék síðast í Norræna húsinu árið 2019 og hlakka mjög til að koma aftur til þessa dásamlega lands!“

Draugsvoll tengist Íslandi einnig sem kennari, því að nokkrir íslenskir harmóníkunemendur hafa verið nemendur hans í Kaupmannahöfn undanfarin ár. „Ég verð að segja að það kom mér ánægjulega á óvart að uppgötva alla þessa snjöllu harmóníkuleikara sem Ísland hefur eignast á síðustu árum! Íslensku nemendurnir eru allir ótrúlega duglegir og metnaðarfullir. Jón Þorsteinn Reynisson hóf nám hjá mér fyrir næstum áratug, síðan bættust við Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir og Jónas Ásgeir Ásgeirsson og saman stofnuðu þau tríóið Ítrío sem er algjörlega á heimsmælikvarða. Svo kom til mín Flemming Viðar Valmundsson sem lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir rúmu ári. Þetta hæfileikaríka fólk spratt ekki úr engu. Það eru augljóslega færir kennarar á Íslandi sem kunna að glæða áhuga nemenda sinna. Með þessari glæsilegu kynslóð er ég viss um að framtíðin fyrir harmóníkuleik á Íslandi er björt.“

”

Svo það má kannski segja að í Voss hafi maður fyrst þótt skrytinn ef maður spilaði ekki á harmóníku!

07|04

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Sofia Gubaidulina
Sieben Worte

Anton Bruckner
Sinfónía nr. 3



Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Geir Draugsvoll
einleikari

Sigurgeir Agnarsson
einleikari

Páskatónleikar Sinfóníunnar



Ýmis tónskáld hafa í aldanna rás samið tónverk innblásin af sjö orðum Krists á krossinum, meðal annars Sofia Gubaidulina. Hún samdi konsertinn Sieben Worte eða Sjö orð, fyrir bajaran, selló og strengjasveit, árið 1982, en við frumflutninginn í Moskvu lét hún ekkert uppi um trúarlega skírskotun verksins enda höfðu yfirvöld í Sovétríkjunum óbeit á kristinni trú. Sjö orð er meðal allra áhrifamestu verka Gubaidulinu og hljómar hér í snilldarflutningi harmóníkuleikarans Geirs Draugsvoll, sem hefur starfað náið með tónskáldinu um árabil, og Sigurgeirs Agnarssonar, fyrsta sellóleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Anton Bruckner var eitt trúræknasta tónskáld 19. aldarinnar og sinfóníum hans hefur oft verið líkt við dómkirkjur í tónum. Þriðja sinfónían var tímamótaverk á ferli Bruckners og í verkinu fann hann sína eigin mikilfenglegu rödd eftir áralanga leit. Það var tónskáldinu gleðiefni að sjálfur Richard Wagner, sem hann dáði öðrum mönnum fremur, skyldi þiggja tileinkun verksins. Ekki fór þó allt jafn vel í framhaldinu, því að frumflutningur verksins í Vínarborg misheppnaðist algjörlega og sinfónían hlaut ekki fyrr en áratugum síðar þann sess sem henni ber.

Eva Ollikainen, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar, hefur sérstakt dálæti á verkum Bruckners og túlkar þau af innsæi og röggsemi.

**Meistaraverk með trúarlega skírskotun
á páskatónleikum Sinfóníunnar.**

28|04

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Schumann og Schubert

„Hrein fullkomnun“ segir rýnir tímaritsins Gramophone um túlkun austurríska sellóleikarans Kian Soltani og The Times kallar hann „stórmerkilegan sellista“. Soltani vakti fyrst heimsathygli þegar hann vann fyrstu verðlaun í Paulo-sellókeppninni í Helsinki árið 2013. Síðan hefur ferill hans verið samfelld sigurganga, með tónleikum í Carnegie Hall og útgáfusamningi við Deutsche Grammophon. Á Íslandi leikur hann ljóðrænan og tilfinningaþrunginn sellókonsert Schumanns, sem tónskáldið samdi undir lok ævinnar.

Í níundu sífóníu sinni er Schubert í sínu besta formi, lagræn gáfa hans og léttleiki er í forgrunni. Þótt verkið sé stórkostlegt hljómaði það ekki á opinberum tónleikum meðan tónskáldið sjálf lifði. Það var einmitt Schumann sem fann nóturnar í gömlu blaðarusli níu árum eftir að Schubert lést, vakti athygli á verkinu og sá til þess að það yrði flutt.

Á tónleikunum hljómar einnig heillandi hljómsveitarverk eftir rússneska tónskáldið Galinu Ustvolaskayu, sem var nemandi Shostakovitsj og um skeið ástkona hans. Hún bjó í Leníngrad í sárri fátækt, samdi fá verk sem hljómuðu sjaldan eða aldrei, en á síðustu árum hefur hún í æ ríkari mæli hlotið viðurkenningu sem ein merkasta huldukona sovéska tónsmíða.

**Hrífandi rómantík í flutningi
eins fremsta sellóleikara heims.**

Galina Ustvolaskaja
Sífónískt ljóð nr. 2

Robert Schumann
Sellókonsert

Franz Schubert
Sífónía nr. 9



Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Kian Soltani
einleikari



30|04

LAUGARDAGUR
KL. 14.00

LITLI TÓNSPROTINN

Skilaboða- skjóðan

Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson með tónlist eftir Jóhann G. Jóhannsson var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu árið 1993 og fékk fádæma góðar viðtökur. Tónlistin, sem hefur lifað góðu lífi utan leikhússins, hljómaði svo á Tónsprotatónleikum haustið 2013 í bráðskemmtilegri útsetningu tónskáldsins fyrir símfóníuhljómsveit. Nú verða þessir vinsælu tónleikar endurteknir vegna fjölda áskorana.

Við bregðum okkur inn í Ævintýraskóginn í fylgd frábærra leikara og söngvara sem leysa frá skjóðunni og gæða persónur skógarins lífi. Maddamma saumakona, Rauðhetta og úlfurinn, Mjallhvít og stjúpán, Hans og Gréta og nornin að ógleymdum Dreitli og hinum dvergum munu gleðja unga jafnt sem aldna og varpa sannkölluðum ævintýraljóma inn í Eldborg.

Símfóníuhljómsveit Íslands slæst í för með ævintýrapersónunum svo takast megi að bjarga Putta litla. Höfundur tónlistarinnar, Jóhann G. Jóhannsson starfaði um árabil sem tónlistarstjóri Þjóðleikhússins.

Heillandi og fjörug ævintýratónlist
fyrir alla fjölskylduna.

Þorvaldur Þorsteinsson og
Jóhann G. Jóhannsson

Skilaboðaskjóðan



Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri





Eitt frægasta tónskáld
Bandaríkjanna stjórnar tónlist
sinni á Íslandi í fyrsta sinn.

05|05

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Víkingur og John Adams

John Adams er eitt virtasta tónskáld Bandaríkjanna og brautryðjandi í þeirri grein tónlistar sem kölluð er naumhyggja eða mínímalismi. Hann hefur samið viðamiklar óperur á borð við Nixon in China og Doctor Atomic, hann hefur hlotið fimm Grammy-verðlaun og sex háskólar hafa veitt honum heiðursdoktorsnafnbót. Nú kemur John Adams í fyrsta sinn til Íslands og stjórnar tónleikum með eigin tónlist, bæði eldri og nýrri verkum.

Short Ride in a Fast Machine er eitt hans frægasta verk, snaggaraleg tónsmíð innblásin af stuttri ökuferð með glannalegum ökuþór. Harmonielehre frá árinu 1985 er mikilfenglegt verk og stórt í sniðum, eins konar „trúarjátning á mátt tóntegundanna“ eins og Adams sagði sjálfur. Verkinu hefur löngu verið skipað í flokk sígildra nútímaverka og eru flestir á því að hér sé um að ræða lykilverk í sögu bandaríksk mínímalisma. „Það næsta sem komist verður naumhyggju-sinfóníu,“ skrifaði gagnrýnandi Gramophone.

Adams samdi píanókoncertinn Must the Devil Have All the Good Tunes? árið 2018 og sótti heiti hans í fleyg orð sem oft eru eignuð siðbótarfrömuðinum Marteini Lúther: „Þarf skratinn að eiga öll góðu lögin?“ Það var Yuja Wang sem frumflutti verkið í Los Angeles, en Víkingur Heiðar Ólafsson hefur leikið það undir stjórn tónskáldsins víða um heim. Nú er komið að því að hann kynni verkið fyrir íslenskum áheyrendum. Þessi skemmtilegi konsert er „spregigós af orku og uppfinningasemi“ að sögn eins gagnrýnanda, ómóttæðileg blanda af virtúósatækni Liszts, djassi og „honky-tonk“ píanóspili.

John Adams
Short Ride in a Fast Machine

John Adams
Must the Devil Have All the Good Tunes?, píanókoncert

John Adams
Harmonielehre



John Adams
hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari



18|05

MIÐVIKUDAGUR
KL.20:00

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:30

Eva stjórnar Shostakovitsj



Dmítríj Shostakovitsj
Sinfónía nr. 5



Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
kynnir

Fáar sinfóníur 20. aldar hafa náð því líkri hylli sem fimmta sinfónía Shostakovitsj enda er hún magnþrungin og glæsileg, gædd dýpt og einlægri tjáningu. Hún var samin árið 1937, um sama leyti og pólitískar „hreinsanir“ Jósefs Stalín stóðu sem hæst. Tónskáldið átti mikið undir viðtökum verksins, því að einræðisherrann var síður en svo hrifinn af því sem hafði frá tónskáldinu komið undangengin misseri. Shostakovitsj kallaði verkið „listrænt svar sovésks listamanns við réttmætri gagnrýni“ en tónlistina er hægt að skilja á ýmsa vegu, jafnvel glæsilegan lokapunkt verksins. „Það er eins og einhver berji þig með kylfu og segi: Þú átt að fagna, þú átt að fagna,“ er haft eftir tónskáldinu sjálfu.

Þetta er einstakt tækifæri til að heyra eina mögnuðustu sinfóníu 20. aldar undir stjórn Evu Ollikainen, aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Tónleikunum er einnig sjónvarpað beint á RÚV og eru þeir um klukkustundarlangir án hlés.

**Ein magnaðasta sinfónía 20. aldar
á lokatónleikum grænu raðarinnar.**





Ein dádasta tónlistarkona
samtímans kemur fram í
fyrsta sinn á Íslandi.

03|06

FÖSTUDAGUR
KL. 19:30

04|06

LAUGARDAGUR
KL. 17:00

Barbara Hannigan
einsöngvari og hljómsveitarstjóri



Efnisskrá kynnt síðar

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Barbara Hannigan

Kanadíska sópransöngkonan Barbara Hannigan hefur vakið feykilega aðdáun um heim allan undanfarin ár, fyrir stórfenglegan söng en ekki síður fyrir hæfileika sína sem hljómsveitarstjóri. Hún hefur starfað með öllum helstu hljómsveitum heims og hefur frumflutt yfir 85 ný tónverk, meðal annars eftir György Ligeti og Hans Abrahamsen. Þá hefur hún sungið í helstu óperuhúsum heims, meðal annars hið krefjandi titilhlutverk í Lulu eftir Alban Berg.

Barbara Hannigan hefur hlotið ótal verðlaun fyrir list sína, meðal annars Grammy-verðlaun fyrir plötuna Crazy Girl Crazy árið 2018 og hin virtu Léonie Sonning-verðlaun árið 2020. Þegar Rolf Schock-verðlaunin féllu henni í skaut rökstuddi dómnefndin ákvörðun sína með þeim orðum að Hannigan væri „einstakur og framsækinn flytjandi sem nálgast tónlistina sem hún flytur með öflugum og lifandi hætti“.

Hannigan kemur nú í fyrsta sinn til Íslands og er víst að tónleikar þessarar frábæru tónlistarkonu verða stórviðburður í tónlistarlífinu.



LISTAHÁTÍÐ Í
REYKJAVÍK

10|06

FÖSTUDAGUR
KL.19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL.18:00

Marianna spilar Grieg

Píanókoncert Griegs er einn vinsælasti konsert rómantíska skeiðsins, enda hrífandi blanda af glæsilegum tilþrifum einleikarans, djúpri tjáningu og léttum blæ norskra þjóðlaga. Armensk-danski píanóleikarinn Marianna Shirinyan hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir innblásinn leik, meðal annars verðlaun danskra gagnrýnenda og sérstök menningarverðlaun DR, danska útvarpsins. Hún hefur um árabil setið í dómnefnd Grieg-keppninnar í Bergen auk þess sem hún er prófessor í píanóleik við Tónlistarháskólann í Ósló, og veit því upp á hár hvernig á að túlka tónlist norska meistarans.

Á tónleikunum hljómar einnig íslensk leikhús- og balletttónlist eftir tvö leiðandi íslensk tónskáld 20. aldar, Pál Ísólfsson og Jórunni Viðar. Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar er hrífandi leikgerð sem Halldór Laxness vann úr sögum og ljóðum listaskáldsins góða og var frumsýnd árið 1945. Tónlist Páls er leikandi létt og gamansöm, náði miklum vinsældum á sinni tíð en hefur legið í gleysku svo áratugum skiptir. Sama má segja um Veisluna á Sólhaugum, tónlist hans við leikrit Ibsens. Ballettar Jórunnar Viðar, Eldur og Ólafur liljurós, eru tímamótaverk, fyrstu hljómsveitarverk íslenskrar

konu og fyrstu ballettarnir eftir íslenskt tónskáld sem fluttir voru á Íslandi. Í kjölfar tónleikanna verða verkin hljóðrituð í samstarfi við Chandos-plötuforlagið til útgáfu á alþjóðlegum markaði.

Rumon Gamba þarf vart að kynna fyrir íslenskum tónleikagestum en hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands árin 2002–2010. Hann var nýverið ráðinn aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulu í Finnlandi.

Edvard Grieg
Píanókonsert

Jórunn Viðar
Eldur

Jórunn Viðar
Ólafur liljurós

Páll Ísólfsson
Veislan á Sólhaugum

Páll Ísólfsson
Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar



Rumon Gamba
hljómsveitarstjóri

Marianna Shirinyan
einleikari



Sjaldheyrðar íslenskar
leikhúspurlur og einn vinsælasti
píanókonsert allra tíma.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS 2021-22

HLJÓÐFÆRALEIKARAR

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
1. konsertmeistari
Vera Panitch
2. konsertmeistari
Una Sveinbjarnardóttir
3. konsertmeistari
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufer Jensdóttir
Laufer Sigurðardóttir
Laura Liu
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Pétur Björnsson
Zbigniew Dubik

2. FIDLA

Páll Palomares
NN
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
NN
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Lucja Koczot
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
NN

BASSI

Xun Yang
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

NN
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

NN
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

NN
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff
bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Anna Guðný
Guðmundsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

STARFSFÓLK OG STJÓRN

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Lára Sóley Jóhannsdóttir

LISTRÆNN RÁÐGGJAFI

Árni Heimir Ingólfsson

VIÐBURÐA- OG SKIPULAGSSTJÓRI

Halla Oddný Magnúsdóttir
Í fæðingarorlofi
Valdís Þorkelsdóttir *afleysing*

VERKEFNASTJÓRI VIÐBURÐA

Valdís Þorkelsdóttir
Jökull Torfason *afleysing*

MARKAÐS- OG KYNNINGARSTJÓRI

Margrét Ragnarsdóttir

MARKAÐSFULLTRÚI

Inga María Leifsdóttir

FRÆÐSLUSTJÓRI

Hjördís Ástráðsdóttir

MANNAUÐSSTJÓRI

Una Eypórsdóttir

FJÁRMÁLASTJÓRI

Svanhvít Hrólfsdóttir

NÓTNAVÖRÐUR

Kristbjörg Clausen

UMSJÓNARMAÐUR NÓTNA

Larissa Weidler

VERKEFNASTJÓRI SVIÐS-OG TÆKNIMÁLA

Sigþór J. Guðmundsson

SVIÐS-OG TÆKNIMAÐUR

Björk Björgúlfssdóttir

STJÓRN SINFÓNÍU- HLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Sigurbjörn Þorkelsson
formaður

Herdís Þórðardóttir
varaformaður

Oddný Sturludóttir
Hávarður Tryggvason
Friðjón R. Friðjónsson

VERKEFNAVALSNEFND

Árni Heimir Ingólfsson
formaður

Anna Þorvaldsdóttir
Asbjörn Bruun
Eva Ollikainen
Guðrún Hrund Harðardóttir
Halla Oddný Magnúsdóttir
Hjördís Ástráðsdóttir
Margrét Ragnarsdóttir
Sigrún Eðvaldsdóttir
Sigurður Þorbergsson
Soraya Nayyar



SKANNAÐU OG HLUSTAÐU Á DAGSKRÁNA


Á Spotify-rás Sinfóníuhljómsveitarinnar má m.a. finna lagalista tónleikaraða starfsársins. Þar er hægt að hlusta á sérvaldar upptökur af þeim verkum sem eru á efnisskrá. Spotify er auðveld og skemmtileg leið til að kynna tónlistinni enn frekar með úrvalsflytjendum áður en haldið er í tónleikasal eða til að endurupplifa hana þegar heim er komið.

Auk þess geyma lagalistar Sinfóníunnar skemmtilegar upptökur með einleikurum og hljómsveitarstjórum sem heimsækja hljómsveitina, tónlist fyrir börn, íslenska tónlist fyrir hljómsveit auk tónlistar sem Sinfóníu hljómsveit Íslands hefur hljóðritað og gefið út.

Heimsæktu Sinfóníuna á Spotify!

2

Ýttu á myndavélatáknið



1

Ýttu á leitartáknið



3

Skannaðu kóðann



Í BEINNI Á RÁS EITT



Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins er samofin og í áratugi hafa hlustendur Rásar 1 um allt land, og í seinni tíð á netinu um allan heim, getað hlustað á tónleika hljómsveitarinnar í beinni útsendingu á Rás 1. Mikil áhersla er lögð á vandaða dagskrárgerð og eru nær allir tónleikar Sinfóníunnar sendir út. Á undan útsendingum geta hlustendur Rásar 1 fræðst um tónlistina og listamennina í þættinum Á leið í tónleikasal og í hléi er fræðandi og skemmtileg dagskrá. Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum og Á leið í tónleikasal í Sarpinum á ruv.is.

BARNASTUNDIR SINFÓNÍUNNAR

Á Barnastundum Sinfóníuhljómsveitarinnar er áhersla lögð á notalegheit og nánd við hljómsveitina þar sem létt og leikandi tónlist er flutt fyrir allra yngstu hlustendurna. Barnastundirnar hafa notið mikilla vinsælda og eru sannkallaðar gæðastundir og góður upptaktur að ljúfum degi. Dagskráin er um það bil hálf tímalöng og er leidd af konsertmeisturum Sinfóníuhljómsveitarinnar.

LAU 11|09 KL. 11:30
LAU 12|03 KL. 11:30

VINAFÉLAG SINFÓNÍUNNAR

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum og málþingum um sígilda tónlist og hefur einnig styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni. Starfsemi félagsins hefur mælst afar vel fyrir. Sinfóníuhljómsveit Íslands býður vinum sínum á tónleika Ungsveitar SÍ og eina opna æfingu á starfsárinu. Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu og hægt er að skrá sig á sinfonia.is/vinafelag eða í miðasölu Hörpu.

Árgjaldið er 4.000 krónur.

SKÓLA- KORTIÐ

Námsmenn yngri en 25 ára eiga kost á frábæru tilboði til að njóta tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar. Námsmenn ná sér í Skólakort Sinfóníunnar í miðasölu Hörpu með því að framvísa sínu nemendakorti og geta með því keypt miða á tónleikadegi á alla almenna tónleika Sinfóníunnar á aðeins 1.900 kr. Hægt er að kaupa miða á skólakortskjörum hvar sem er í salnum, allt eftir því hvað er laust. Það er ekki hægt að láta svona kostakjör renna sér úr greipum.

TÓNLEIKA- KYNNINGAR

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á fimmtán tónleikakynningar í Hörpuhorni á starfsárinu. Veitingasala í Hörpuhorni hefst á tónleikadegi kl. 18:00 og geta gestir setið í notalegu umhverfi og pantað veitingar. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálf tíma. Í grænni tónleikaröð (nema á Vínartónleikum) hefst veitingasala kl. 18:45 og sjálf kynningin hefst kl. 19:00. Tónleikakynningarnar eru höndum Árna Heimis Ingólfssonar tónlistarfræðings, Sigurðar Ingva Snorrasonar klarínattleikara og Svanhildar Óskarsdóttur rannsóknarprófessors á Árnastofnun.

Tónleikakynningar eru haldnar í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg.

OPNAR ÆFINGAR

Sinfóníuhljómsveitin opnar dyrnar að lokaæfingum á tónleikadegi allra áskriftartónleika í gulri, grænni og rauðri röð á nýju starfsári. Hægt verður að kaupa aðgang að æfingunum í miðasölu Hörpu og á vef Sinfóníunnar. Lokaæfingin hefst kl. 10:00 en aðgangur er takmarkaður við ákveðin sæti í Eldborg. Opnar æfingar eru tilvalið tækifæri til að dýpka upplifun og skilning á tónlistinni sem flutt er síðar á tónleikum um kvöldið.

www.sinfonia.is/aeingar

ÖFLUGT FRÆÐSLUSTARF

Öflugt og fjölþætt fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar og hefur verið allt frá stofnun hennar. Fræðslustarfið er í stöðugri framþróun þar sem áhersla er lögð á gæði, fjölbreytileika og samstarf. Skólatónleikar, skólaheimsóknir og leiðsögn nemendahópa er fastur liður í starfsemi hljómsveitarinnar sem einnig starfar að langtíma verkefnum með ungu fólki, bæði einleikurum og hljóðfærahópum.

Próunarverkefni af ýmsum toga eru unnin í samvinnu við skóla og lengra komna nemendur í listnámi. Hljómsveitin leggur ríka áherslu á að vera í góðum tengslum við samfélagið og heimsækir bæði stofnanir og vinnustaði og hefur átt farsælt samstarf við eldri borgara um langt skeið. Í vetur verður boðið upp á ferna glæsilega og lifandi fjölskyldutónleika Litla tónsprotans og hinar vinsælu Barnastundir sem ætlaðar eru yngstu hlustendunum.

Hægt er að nálgast allar upplýsingar um fræðslustarf frá lokum ágúst mánaðar á sinfonia.is/fraedslustarf

NÝJAR HLJÓÐRITANIR

Á hverju starfsári hljóðritar Sinfóníuhljómsveit Íslands verk til alþjóðlegrar útgáfu í samstarfi við leiðandi útgáfufyrirtæki á heimsvísu. Áhugi erlendra útgefenda á samstarfi við hljómsveitina hefur farið vaxandi á síðustu árum, ekki síst þegar kemur að útgáfu á íslenskri tónlist.

Á komandi starfsári mun hljómsveitin hljóðrita þrjár plötur með íslenskri tónlist til alþjóðlegrar útgáfu. Fyrir hið virta forlag Deutsche Grammophon tekur sveitin upp A Prayer to the Dynamo eftir Jóhann Jóhannsson undir stjórn Evu Ollikainen. Bandaríska útgáfan Sono Luminus hljóðritar ný íslensk og bandarísk tónverk undir stjórn Daníels Bjarnasonar, meðal annars eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Kjartan Sveinsson og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur. Fyrir Chandos stjórnar Rumon Gamba íslenskri ballett- og leikhústónlist eftir Jórinni Viðar og Pál Ísólffsson, og koma sum þeirra verka nú út í fyrsta sinn á plötu.

Þess má einnig geta að nýverið kom út hjá Sono Luminus diskurinn Occurrence sem hefur að geyma nýleg íslensk hljómsveitarverk: fiðlukonsert eftir Daníel Bjarnason með Pekka Kuusisto í einleikshlutverki og Flutter eftir Þuríði Jónsdóttur með Mario Caroli flautuleikara í einleikshlutverki, ásamt verkum eftir Veronique Vöku, Hauk Tómasson og Magnús Blöndal Jóhannsson. Verkin voru tekin upp í Hörpu undir stjórn Daníels Bjarnasonar.



AÐALSTJÓRNANDI OG SAMSTARFSLISTAMENN



EVA OLLIKAINEN

aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2020. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panulakeppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar og spannar samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands því meira en 15 ár. Þá stjórnaði hún framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með nær engum fyrirvara, en hún stjórnaði einnig nokkrum áskriftartónleikum á árunum 2007–2010. Hún stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað fjölda virtra hljómsveita, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmoníusveitinni í Stokkhólmi og Sinfóníuhljómsveitinni í Vínnarborg. Þá hefur hún stjórnað óperusýningum við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden.



BERTRAND DE BILLY

aðalgestastjórnandi

Franski hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy gegnir stöðu aðalgestastjórnanda á árunum 2021–2023. Hann hefur getið sér einstaklega gott orð bæði sem óperustjórnandi og stjórnandi sinfónískrar tónlistar. Hann var um skeið tónlistarstjóri við Liceu-óperuhúsið í Barcelona, aðalstjórnandi Útvarpshljómsveitarinnar í Vínnarborg á árunum 2002–2010, og er nú aðalgestastjórnandi við Fílharmoníusveitina í Dresden.

Bertrand de Billy kom fyrst til Íslands í febrúar 2011 og stjórnaði meðal annars fjórðu sinfóníu Antons Bruckner. Hann stjórnaði hljómsveitinni aftur í Hörpu árið 2018 og vakti feykilega hrifningu bæði hljómsveitar og áheyrenda. Á starfstíma de Billys með hljómsveitinni mun hann stjórna öllum sinfóníum Johannesar Brahms auk þess sem hann stjórnar Þýskri sálumessu eftir Brahms í mars 2022.



VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON

staðarlistamaður

Víkingur Heiðar Ólafsson, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitarinnar starfsárið 2021–2022, er heimskunnur fyrir áhugaverða, djúpa og oft óhefðbundna túlkun sína. Hann hefur hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar fyrir tónleika sína og hljómplötur, meðal annars Gramophone-verðlaunin, BBC Music Magazine-verðlaunin og Opus Klassik-verðlaunin.

Víkingur mun á starfsárinu leika þrjá nýja píanókonserta á þrennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, eftir Thomas Adès, John Adams og Daníel Bjarnason. Tónskáldin sjálf munu stjórna verkum sínum og er þetta einstakt tækifæri til að heyra hið nýjasta í konsertsmíðum samtímans í túlkun tónskáldanna sjálfra.



ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

staðartónskáld

Anna Þorvaldsdóttir hefur skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu undanfarin ár. Hún semur meðal annars stór símfónísk verk fyrir helstu hljómsveitir heims, og hafa bæði Berlínarfilharmónían og Fílhamóníusveit New York-borgar frumflutt eftir hana tónverk á undanförunum árum. Anna hefur gegnt hlutverki staðartónskálds Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2018 en samstarf hennar við hljómsveitina spannar mun lengri tíma. Meðal annars samdi hún að beiðni hljómsveitarinnar verkið AERIALITY sem hljómaði fyrst árið 2011 og hefur heyrt víða um heim, meðal annars á nokkrum tónleikaferðalögum Sinfóníuhljómsveitarinnar á erlendri grund.

Einn af hápunktum starfsársins 2021–22 verður flutningur á AlÖN, hljómsveitar- og dansverki sem Anna samdi í samstarfi við Ernu Ómarsdóttur. Meðal þeirra verkefna sem Anna vinnur nú að fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands má nefna stórt símfónískt verk, og METAXIS sem er rýmisverk í formi tónlistar-innsetningar, sérsníðið að hinum ýmsu rýmum Hörpu þar sem hljómsveitin verður dreifð í smærri hópum um rými hússins. Stefnt er að því að frumflytja METAXIS á Norrænum músíkdögum sem fara fram í Reykjavík haustið 2022.



DANÍEL BJARNASON

listamaður í samstarfi

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015–2018 og aðalgestastjórnandi árin 2019–2021, en starfar nú með sveitinni sem „listamaður í samstarfi“ (Artist in Association). Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli víða um heim og hafa margsinnis hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, nú síðast fiðlukonsert hans í flutningi Pekka Kuusisto í mars 2021.

Meðal verkefna sem framundan eru með Daníel og Sinfóníuhljómsveit Íslands má nefna hljóðritun á nýrri plötu fyrir Sono Luminus. Þrjár plötur forlagsins með íslenskri tónlist í flutningi hljómsveitarinnar hafa vakið mikla athygli og var ein þeirra tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning.



OSMO VÄNSKÄ

heiðursstjórnandi

Finnski hljómsveitarstjórinn Osmo Vänskä var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 1993–1996. Hann náði frábærum árangri með sveitinni og stjórnaði meðal annars fyrstu tónleikum hennar í Carnegie Hall í New York, sem fengu afbragðs dóma meðal annars í The New York Times. Hann tók við stöðu heiðursstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar árið 2014 og hefur að jafnaði síðan stjórnað einum tónleikum á ári, meðal annars sinfóníum Gustavs Mahler. Næstu tónleikar Osmos á Íslandi eru fyrirhugaðir starfsárið 2022–23.

Osmo Vänskä nýtur mikillar virðingar á alþjóðlegum vettvangi. Hann var um árabil aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti í Finnlandi og var ráðinn aðalstjórnandi Minnesota-hljómsveitarinnar árið 2003. Hann tók nýverið við stöðu aðalstjórnanda Fílharmoníusveitarinnar í Seúl í Suður-Kóreu. Hljóðritanir hans hafa hlotið mikið lof, meðal annars túlkun hans á sinfóníum Sibelíusar með hljómsveitinni í Lahti og sinfóníum Mahlers með Minnesota-hljómsveitinni. Einnig hefur hann hljóðritað með Sinfóníuhljómsveit Íslands nokkur hljómsveitarverk Jóns Leifs fyrir BIS-útgáfuna, meðal annars Sögusinfóníuna.



KORNILIOS MICHAILIDIS

staðarhljómsveitarstjóri

Gríski hljómsveitarstjórinn Kornilios Michailidis hefur verið ráðinn staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–22. Hann stundaði píanónám í París og í Bandaríkjunum og lauk meistaraprófi í hljómsveitarstjórn við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki. Hann var aðstoðarstjórnandi Finnsku útvarpshljómsveitarinnar 2016–17 og gegndi sömu stöðu við Filharmóníusveit franska útvarpsins á árunum 2018–20. Hann hefur stjórnað fjölda hljómsveita og einnig við óperuhús, meðal annars Töfraflautu Mozarts við Teatro Real í Madrid, auk þess sem hann hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, Grísku útvarpshljómsveitinni og hljómsveit Parísaróperunnar.

Kornilios Michailidis hefur einnig komið víða fram sem píanóleikari, meðal annars með Sinfóníuhljómsveitinni í Aþenu og ásamt fiðluleikaranum Sergej Krylov. Árið 2016 stofnaði hann Tónlistarhátíðina í Koufonisia, þar sem klassísk tónlist hljómar á einni af smæstu eyjum Grikklands.



VLADIMIR ASHKENAZY

aðalheiðursstjórnandi

Vladimir Ashkenazy vakti fyrst alþjóðlega athygli þegar hann hlaut önnur verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá árið 1955, og hann hreppti síðan fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel 1956 og Tsjajkovskíj-keppninni í Moskvu 1962. Ashkenazy á að baki glæsilegan feril í hljóðverinu, en hann hefur verið samningsbundinn útgáfuforlaginu Decca frá árinu 1963. Hann hefur hlotið sjö Grammy-verðlaun, m.a. sem besti einleikari með hljómsveit, fyrir bestu kammerhljóðritun og besta einleiksdisk.

Samstarf Ashkenazys og Sinfóníuhljómsveitar Íslands spannar meira en hálfa öld. Hann kom fyrst fram með hljómsveitinni árið 1964 og stjórnaði henni í fyrsta sinn árið 1971. Hann hefur verið heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2002. Ashkenazy gegndi lykilhlutverki í því að hvetja ráðamenn til byggingar tónlistarhúss í Reykjavík og stjórnaði opnunartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu vorið 2011. Síðast kom hann fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tólf tónleikum í Japan í nóvember 2018. Forseti Íslands sæmði Ashkenazy stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu í apríl 2018 fyrir framlag sitt til íslensku tónlistar- og menningarlífs.

TVG-ZIMSEN

FLUTNINGSMIÐLUN

STOLTUR BAKHJARL
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
Í FLUTNINGUM

TRYGGÐU ÞÉR GOTT SÆTI

ALMENNT MIÐAVERÐ


Miðaverð á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands getur verið breytilegt. Boðið er upp á ólík verðsvæði í Eldborg og því ættu allir að geta valið sér sæti. Nánari upplýsingar um verð á einstaka tónleika er að finna á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

ÁSKRIFTARKORT

Áskrift að tónleikaröðum og Regnbogakorti Sinfóníuhljómsveitarinnar veitir **20% afslátt** frá almennu miðaverði. Tvær raðir veita **25% afslátt** af miðaverði og þrjár raðir veita **30% afslátt**. Áskrifendur fá einnig **10% afslátt** af viðbótarmiðum á alla tónleika.

SVÆÐI	RAUÐ RÖÐ 7 tónleikar	GUL RÖÐ 7 tónleikar	GRÆN RÖÐ 5 tónleikar	LITLI TÓNSPROTINN 4 tónleikar
1	40.320 kr.	40.320 kr.	26.400 kr.	10.720 kr.
1+	47.600 kr.	47.600 kr.	31.600 kr.	10.720 kr.
2	33.040 kr.	33.040 kr.	21.200 kr.	9.040 kr.
3	25.200 kr.	25.200 kr.	15.600 kr.	9.040 kr.

Hægt er að kaupa áskrift að Svörtu röðinni með fernum tónleikum Víkings Heiðars Ólafssonar. Áskrifendur að Svörtu röðinni fá 15% afslátt frá almennu miðaverði. Nánari upplýsingar er að finna á sinfonia.is.





KVÍKA
Eignastýring

*Framsækin fjármálaþjónusta
með árangur að leiðarljósi.*

Sinfóníuhljómsveit Íslands

2021/22

Útgefandi: Sinfóníuhljómsveit Íslands, júní 2021

Ritstjóri: Margrét Ragnarsdóttir

Texti: Árni Heimir Ingólfsson

Viðtöl: Árni Heimir Ingólfsson og Inga María Leifsdóttir

Hönnun og umbrot: Kontor

Ljósmyndir/forsíða: Ari Magg

Aðrar ljósmyndir: Ýmsir

Prentun: Litróf, umhverfisvottuð prentsmiðja

Athugið að tilhögun tónleika, miðaverð og annað sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast án fyrirvara. Nýjustu upplýsingar er ávallt að finna á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands, **sinfonia.is**

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Harpa, Austurbakka 2, 101 Reykjavík
Sími 545 25 00
sinfonia.is

